

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Viðskiptafræði

Grunnnám

Kennsluskrá 2007-2008

Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Sími: 599 6200
Símbref: 599 6201

Netfang: ru@ru.is
Veffang: www.hr.is

Umbrot og prentun Leturprent
Reykjavík, febrúar 2007

EFNISYFIRLIT

1) Starfsfólk viðskiptadeildar	7
2) Almenn um viðskiptadeild	10
3) BSc- og diplománám - nám á fyrsta háskólastigi	13
4) Yfirlit náms (tölur)	16
5) Námskeiðslýsingar BSc nám	19
6) Reglur um verkefnavinnu	76
7) Náms- og framvindureglur viðskiptadeildar	77
8) Almennar námsreglur Háskólans í Reykjavík	80

STARFSFÓLK VIÐSKIPTADEILDAR

Forseti

Þorlákur Karlsson PhD 599 6420 thorlakur@ru.is

Forstöðumaður BSc náms

Ásta Bjarnadóttir PhD 599 6277 asta@ru.is

Forstöðumaður BSc náms í Höfðabakkaútibúi

Sverrir Arngrímsson MBA 520 7411 sverriira@ru.is

Forstöðumaður MBA náms

Finnur Oddsson PhD 599 6276 finnur@ru.is

Forstöðumenn MSc náms

Jón Þór Sturluson PhD 599 6456 jonthor@ru.is

Jón Ormur Halldórsson PhD 599 6271 jonormur@ru.is

Forstöðumaður rannsókna & PhD náms

Leifur Geir Hafsteinsson PhD 599 6428 lgh@ru.is

Verkefnastjórar BSc náms

Kristín Leopoldína Bjarnadóttir BSc 599 6284 kristinl@ru.is

Harpa Hauksdóttir 599 6455 harpah@ru.is

Verkefnastjóri MBA náms

Telma Sæmundsdóttir 599 6262 telma@ru.is

Verkefnastjórar MSc náms

Þóra Björk Eysteinsdóttir BSc 599-6281 thorabe@ru.is

Kristín Luise Kötterheinrich, MA 599-6200 kristink@ru.is

Fastir kennarar

Aðalsteinn Leifsson MSc, MBA, lektor 599 6430 al@ru.is

Anders Claesson PhD, lektor anders@ru.is

Auður Arna Arnardóttir PhD, sérfr. 599 6200 auduraa@ru.is

Axel Hall MSc, aðjúnkt 599 6317 axelhall@ru.is

Árni Halldórsson PhD, lektor 599 6200 arnih@ru.is

Ásta Bjarnadóttir PhD, lektor 599 6277 asta@ru.is

Bolli Héðinsson MBA, aðjúnkt 520 7430 bolli@ru.is

David Griswold PhD, dósent griswold@ru.is

Eðvald Möller MSc, dósent 599 6200 edvald@ru.is

Einar Steingrímsson PhD, prófessor 599 6411 einarst@ru.is

Erla Kristjánsdóttir PhD, aðjúnkt 599 6320 erla@ru.is

Erlendína Kristjánsdóttir M.Paed, aðjúnkt 599 6251 erlendina@ru.is

Finnur Oddsson PhD, lektor 599 6276 finnur@ru.is

Friðrik Larsen MSc, lektor 599 6256 fridrik@ru.is

Guðrún Högnadóttir MHA, þróunarstjóri Stjórnendaskóla 599 6225 gudrunhogna@ru.is

Guðrún Johnsen MSc, lektor 599 6200 gudrunj@ru.is

Halldór Örn Engilbertsson MSc, aðjúnkt	520 7464	halldore@ru.is
Ingólfur Þórisson MSc, lektor	599 6200	ingolfth@ru.is
Jón Ormur Halldórsson PhD, dósent	599 6271	jon@ru.is
Jón Þór Sturluson PhD, dósent	599 6456	jonthor@ru.is
Katrín Ólafsdóttir MA, lektor	599 6421	katrino@ru.is
Kári Sigurðsson MSc, sérfr.	599 6200	kari@ru.is
Leifur Geir Hafsteinsson PhD, lektor	599 6428	lgh@ru.is
Lilja Dóra Halldórsdóttir MBA, lögfr. aðjúnkt	599 6425	liljadora@ru.is
Margrét Jónsdóttir PhD, dósent	599 6242	margret@ru.is
Marina Candi MSc, sérfr.	599 6418	marina@ru.is
Ólafur Ísleifsson MSc, lektor	599 6423	olafurisl@ru.is
Pilar Concheiro MA, sendikennari	562 0000	pilar@ru.is
Rögvaldur J. Sæmundsson PhD, dósent	599 6294	rjs@ru.is
Sigurjón Valdimarsson Cand.Oecon, lektor	520 7430	sigurjonv@ru.is
Stefán Svavarsson Löggitur endurskoðandi, dósent	599 6259	stefansv@ru.is
Sverrir Arngrímsson MBA, lektor	520 7411	sverrira@ru.is
Sverrir Ólafsson PhD,		
Tommi Sottinen PhD, dósent		
Úlf Viðar Níelsson MSc, aðjúnkt		ulf@ru.is
Þórarinn G. Pétursson, PhD, dósent	569 9685	thorarinn@ru.is
Þórður Víkingur Friðgeirsson MSc, sérfr		thordurv@ru.is
Próstur Ólaf Sigurjónsson MBA, lektor	599 6245	thorstur@ru.is

Rannsóknarstofnun í frumkvöðlafræðum

Rögvaldur J. Sæmundsson PhD, forstöðumaður, dósent	599 6294	rjs@ru.is
Marina Candi MSc, sérfræðingur	599 6418	marina@ru.is
Silja Björk Baldursdóttir, sérfræðingur	599 6339	silja@ru.is

Stundakennarar

Aðalsteinn Valdimarsson MBA		
Agnar Hansson CSO		agnar@ru.is
Ahmad Rahnama PhD, IESE		
Andrew Hoffman PhD, University of Michigan		
Arndís Thorarensen BSc		arndist@ru.is
Arney Einarsdóttir, MA		arney@ru.is
Árni Árnason MA		arnia@postur.is
Árni Tómasson löggitur endurskoðandi, sjálfstæður ráðgjafi		arnitom@simnet.is
Benedikt Gíslason CSC		benni@straumur.net
Bjarney Harðardóttir MBA		bjarneyh@ru.is
Björn Jóhannesson MSc		ohab@ru.is
Claus Parum PhD, CBS		
David Griswold PhD, Boston University		
Eggert Oddur Birgisson, MBA og MSc		
Eric Weber PhD, IESE		
Eyjólfur Ásgeirsson MSc		eyjolfur@agr.is
Gunnar Jóhannesson MSc		gunnarj@imgdeloitte.is
Halla Tómasdóttir MIM		halla@ru.is
Halldór B. Lúðvígsson		
Hálfdan Guðni Gunnarsson CS		halfdan@agr.is
Helgi Jóhannesson hrl		helgij@lex.is
Hulda Dóra Styrmissdóttir		
Hörður Harðarson		

Ingimar Þór Friðriksson MBA	ingimar@ru.is
Ingunn Hafðis Hauksdóttir löggiltur endurskoðandi	ihauksdottir@kpmg.is
Jefferey Heisler Phd, Boston University	
Joe Pons PhD, IESE	
Jóhann Steinar Jóhannsson BSc	johann@straumur.net
Jón Gunnar Borgþórsson MSc	jgb@simnet.is
Jónas Friðrik Jónsson hdl	jonas@ru.is
Karl Friðriksson MSc	karlfridriksson@iti.is
Karl Sigurðsson BA	karls@ru.is
Kári Þór Guðjónsson, Cand.Oecon	kari.gudjonsson@isb.is
Ketill Berg Magnússon MA	ketill@simi.is
Kristinn Freyr Kristinsson löggiltur endurskoðandi	kristinnkr@ru.is
Kristinn Tryggvi Gunnarsson MBA	kristinnth@img.is
Kristín M. Sveinsdóttir, löggiltur endurskoðandi	
Kristján Vigfússon MBA	
Lúðvík Þránínsson löggiltur endurskoðandi	ludvik.thrainsson@deloitte.is
Matthías Óskarsson löggiltur endurskoðandi	moskarsson@ru.is
Michael Van Biema PhD, Columbia University	
Murray Bryant PhD, Richard Ivey School of Management	
Ómar Örn Bjarnason löggiltur endurskoðandi	omar@ru.is
Patrick Wright PhD, Cornell University	
Páll Jóhannesson hdl	pall.johannesson@deloitte.is
Pálmi Pétursson MSc	palmi@agr.is
Ragna Benedikta Garðarsdóttir, PhD	ragnag@ru.is
Ragnheiður K. Guðmundsdóttir	
Scott Snell PhD, Cornell University	
Scott Stewart PhD, Boston University	
Sigmundur Halldórsson MA	simmi@icelandair.is
Sigríður Þrúður Stefánsdóttir MSc	sigridurth@ru.is
Sigurður Erlingsson MSc og lögg. verðbréfamiðlari	sigurdur.erlingsson@landsbanki.is
Sigurður Óli Gestsson Cs	sigurdurg@its.is
Sigurður Atli Jónsson MA og löggiltur verðbréfamiðlari	atli@ru.is
Sigurður T. Magnússon Cand. Juris	sigurdurtm@ru.is
Smári S. Sigurðsson MSc	smari@iti.is
Stefán Gunnarsson MBA	
Steinn Jóhannsson MA	steinn@ru.is
Sturla Hreinsson, Cand.psyc.	sturlah@ru.is
Sævar Már Þórisson	
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir PhD	tinna@ru.is
Tómas Ottó Hansson M.Phil	toh@simnet.is
Þorbjörn Guðjónsson MSc	thorbjorn@ru.is
Þorgeir Pálsson Cand. Oecon	thorp@ru.is
Þór Clausen Cand.oecon	thorc@ru.is
Þóranna Jónsdóttir MBA	thoranna@ru.is
Þórður Víkingur Friðgeirsson MSc	thordurv@ru.is
Örn Jónasson MSc	orn.jonasson@sedlabanki.is
William Cats-Baril PhD, University of Vermont	

ALMENNT UM VIÐSKIPTAÐEILD

Stefna og markmið viðskiptaæildar

Háskólinn í Reykjavík stefnir að því að veita framúrskarandi menntun á sviði viðskiptafræði. Þeir sem útskrifast frá viðskiptaæild HR ganga í gegnum framsækið og krefjandi nám þar sem rík áhersla er lögð á frumkvöðlahugsun og nýsköpun með samþættingu traustrar þekkingar á helstu sviðum viðskiptafræðinnar. Áhersla er lögð á vinnu hagnýtra verkefna í náinni samvinnu við fyrirtæki í fremstu röð íslensks atvinnulífs. Alþjóðleg nemendaskipti, samstarf við erlenda háskóla og námskeið á ensku eru viðbrögð HR við alþjóðavæðingu efnahagslífsins og undirbúa nemendur fyrir störf í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.

Markmið viðskiptaæildar er að veita nemendum viðskiptamenntun sem gerir þeim kleift að ná framúrskarandi árangri bæði í frekara háskólanámi og í atvinnulífinu.

Skipulag deildarinnar - nefndir og ráð

Starfsemi viðskiptaæildar Háskólans í Reykjavík skiptist á sex meginsvið kennslu og rannsóknna auk yfirstjórnar:

1. BSc nám
2. MSc nám
3. Rannsóknir og PhD-nám
4. MBA-nám
5. Stjórnendaskóli

Að auki er innan deildarinnar Rannsóknarsetur HR í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum (CRIE).

Deildarforseti

Deildarforseti er framkvæmdastjóri deildar og ber ábyrgð á starfsemi og fjárhag hennar gagnvart rektor. Deildarforseti ræður kennara og aðra starfsmenn til deildarinnar í umboði rektors. Deildarforseti á frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina og stýrir daglegu starfi hennar. Deildarforseti gerir fjárhagsáætlun fyrir deild og skal hún lögð fram til umfjöllunar í framkvæmdastjórn HR sem hluti af heildarfjárhagsáætlun skólans. Deildarforseti skipar deildarráð og boðar til funda í því, og heldur einnig reglulega deildarfundi.

Deildarráð

Deildarráð fer með yfirstjórn allra mála sem lúta að nemendum, námskrá, rannsóknunum og ytri tengslum deildarinnar. Í deildarráði sitja, auk deildarforseta, forstöðumenn BSc náms, MBA náms og MSc náms, auk forstöðumanns rannsókna og PhD náms og framkvæmdastjóra Stjórnendaskóla. Deildarforseti stýrir fundum deildarráðs og er ábyrgur fyrir því að kalla saman fundi eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði að teknu til-

liti til venjulegra fría. Ákvarðanir og tillögur ráðsins skulu færðar til bókar og gerðar aðgengilegar og einnig kynntar á deildarfundum eftir því sem við á.

Deildarfundir

Á deildarfundum eiga sæti allir starfsmenn deildarinnar og starfsmenn stofnana sem heyra undir deildina.

Tilgangur deildarfunda er að:

- Vera vettvangur umræðna um markmið og hlutverk deildarinnar.
- Veita upplýsingar til starfsmanna um ýmis fagleg málefni er snerta deildina.
- Fjalla um skipulag kennslu, námsframboð og námsleiðir.
- Fjalla um rannsóknir við deildina.
- Fjalla um hlutverk og skyldur ráða og nefnda.

Forstöðumaður BSc náms

Forstöðumaður BSc náms starfar í umboði deildarforseta og er ábyrgur fyrir námsbrautinni. Forstöðumaður heldur fundi í námsstjórn og gæðaráði BSc náms.

Námsstjórn BSc náms

Í námsstjórn BSc náms sitja þrír fastir kennarar deildarinnar, forstöðumaður BSc náms, verkefnastjóri BSc náms og einn fulltrúi nemenda. Forstöðumaður er formaður stjórnar og tilnefni hana þrjá til eins árs í senn. Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar öðrum starfsmönnum deildarinnar.

Námsstjórn er ábyrg fyrir eftirtöldum atriðum:

- Uppbyggingu námsins, þróun þess og gæðamati.
- Uppbyggingu nýrra námsbrauta eða námsleiða innan BSc náms.
- Inntöku nýnema í BSc nám og mati á fyrra námi þeirra.
- Nemendaskiptum við aðra háskóla á BSc stigi.
- Framvindu- og prófareglum.

Gæðaráð BSc náms

Í gæðaráði BSc náms eiga sæti forstöðumaður BSc náms, verkefnastjóri BSc náms, námsstjórnarfulltrúi nemenda og allt að tveir fulltrúar tilnefndir af nemendum á hverju námsári, bæði í HMV og dagskóla. Gæðaráð er vettvangur umræðna og skoðanaskipta um gæði kennslu og framkvæmd námskeiða. Forstöðumaður skal kalla saman fund að minnsta kosti tvisvar á önn en námsstjórnarfulltrúi getur óskað eftir fundi þegar þörf krefur.

Ráðgjafarnefnd BSc náms

Til að tryggja að viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík verði fyrsta val þeirra fyrirtækja og stofnana sem vilja ráða nýútskrifaða viðskiptafræðinga til starfa höfum við fengið þekktu forystumenn úr íslensku atvinnulífi til að sitja í ráðgjafarnefnd námsins. Ráðgjafarnefndin er okkur til ráðgjafar um ýmis mál sem snúa að þróun námsins og tengslum þess við atvinnulífið. Framlag þessara einstaklinga er mikils virði og er

starfið með þeim snar þáttur í sérstöðu viðskiptafræðinámsins við HR.
Í ráðgjafarnefndinni sitja:

- Birna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölumála Íslandsbanka.
- Hildur Árnadóttir, fjármálastjóri Bakkavarar.
- Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá FL Group.
- Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands.
- Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.

Rannsóknir & PhD nám

Forstöðumaður rannsókna starfar í umboði deildarforseta og er sem slíkur ábyrgur fyrir eftirliti og stuðningi við virkt rannsóknarstarf innan deildarinnar. Innan sviðsins starfar sérstakt rannsóknarráð. Forstöðumaður rannsókna situr í stjórn allra rannsóknarstofnana sem heyra undir deildina og ber ábyrgð á að samhæfa ýmisskonar þætti í starfsemi þeirra.

Rannsóknarráð

Í rannsóknarráði sitja þrír starfsmenn deildarinnar og eru þeir tilnefndir af forstöðumanni rannsókna sem jafnframt er formaður ráðsins. Fundargerðir ráðsins skulu gerðar aðgengilegar öðrum starfsmönnum deildarinnar. Rannsóknarráð sinnir eftirtöldum skyldum:

- Stefnumótun rannsókna innan deildarinnar.
- Fylgjast með framvindu og stöðu allra rannsóknarverkefna innan deildarinnar.
- Fylgjast með straumum og stefnum í rannsóknum innan viðskiptafræða.
- Koma á og viðhalda rannsóknarsamstarfi við aðra háskóla og rannsóknarstofnanir
- Hafa yfirsýn yfir styrki og fjárveitingar til viðskiptatengdra rannsókna.
- Þróa matskerfi til mælgreiningar og sjálfsmats á rannsóknarstarfi innan deildarinnar
- Skipuleggja námstefnur, ráðstefnur, útgáfu „working-papers“ o.s.frv.
- Vinna að stefnumótun fyrir rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.
- Umsjón með störfum matsnefnda vegna ákvörðunar stöðuheita starfsmanna.
- Móta reglur um PhD nám.

BSc- OG DIPLOMANÁM - NÁM Á FYRSTA HÁSKÓLASTIGI

BSc nám (90 einingar) er í boði í dagskóla og háskólanámi með vinnu (HMV). Í dagskóla taka nemendur 15 einingar á önn að jafnaði. Í háskólanámi með vinnu (HMV) taka nemendur 9 einingar á önn en bæta við sig þriðju önninni, sumarönn sem er í maí, júní og ágúst (sumarfrí í júlí). Í HMV er kennt eftir hádegi frá kl. 16:20 – 18:50 þrjá daga í viku.

Nemendur í HMV geta að loknu tveggja ára námi flutt sig yfir í dagskólann, valið úr fjölda valnámskeiða sem þar er í boði og lokið þriðja ári á tveimur önnum með því að taka 15 einingar á hvorri önn. Ef allt námið er tekið á HMV tíma tekur það 3,5 ár og þá eru möguleikar á valnámskeiðum takmarkaðri. Sömu kröfur eru gerðar til nemenda í háskólanámi með vinnu og nemenda í hefðbundnu námi í viðskiptadeild og þreyta nemendur sambærileg eða sömu próf. Miðað er við að þeir sem eru teknir inn í HMV búi yfir umtalsverðri starfsreynslu.

Sérstaða BSc náms í viðskiptafræði við HR

Á fyrri stigum BSc námsins er lögð áhersla á að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á undirstöðugreinum almennra viðskiptafræða. Mikilvæg sérstaða BSc náms í viðskiptafræði í HR felst í því að snemma í náminu vinna nemendur stór sjálfstæð verkefni sem miða að því að samþætta námið í grunnnámskeiðum fyrsta og annars árs, í námskeiðunum Stofnun fyrirtækja og Stefnumótun.

Eftir því sem líður á námið er leitast við að dýpka og auka fræðilega innsýn í fag viðskiptafræðinnar auk þess sem rík áhersla er lögð á að nemendur sjái viðfangsefni sín í alþjóðlegu ljósi og tileinki sér fagleg vinnubrögð. Á þessu stigi hafa nemendur kost á að gerast skiptinemar við einhvern af samstarfsskólum HR og eru nemendur eindregið hvattir til að nýta sér þann möguleika. Einnig hafa nemendur kost á að sérhæfa sig að vissu marki, með því að velja sér áherslu, og beina vali sínu inn á það svið.

BSc námi lýkur með sex eininga verkefni sem unnið er í tveggja manna hópum undir handleiðslu kennara. Markmið þess er að þjálfra og prófa hæfni nemenda til sjálfstæðra, skipulegra, agaðra og vísindalegra vinnubragða og til skýrrar framsetningar á niðurstöðum eigin vinnu.

Í náminu er lögð rík áhersla á verkefnavinnu og virkni nemenda. Námsmat fer fram með margvíslegum hætti, með prófum, hópverkefnum, einstaklingsverkefnum og þátttöku nemenda í kennslustundum.

Námið er í virkum tengslum við atvinnulífið, m.a. með því að nota raunhæf viðskiptadæmi í kennslu og fá gestafyrirlesara úr atvinnulífinu en að sama skapi er lögð áhersla á að þjálfra með nemendum vönduð akademísk vinnubrögð. Rík áhersla er lögð á að

nemendur sækja allar kennslustundir, jafnt fyrirlestra og dæmatíma. Nemendum gefst kostur á að taka þátt í að bæta gæði kennslunnar með kennslumatskerfi.

Áherslur og val í nýju BSc námi

Helsta sérstaða nýs BSc náms sem hófst haustið 2005 er að nemendur sem vilja sérhæfa sig að einhverju leyti á BSc stiginu geta gert það með því að velja sér eina af sex áherslum innan deildarinnar eða lögfræði og tölvunarfræði utan deildarinnar. Til að fá áhersluna inn á útskriftarskírteini þurfa nemendur að ljúka minnst 15 einingum á því sviði (BSc verkefni þar meðtalið), til viðbótar við öll skyldunámskeið á viðkomandi sviði. Áherslur verða fyrst í boði veturinn 2007-2008 og miðast við eftirfarandi svið*:

- Tungumál
- Alþjóðaviðskipti
- Fjármál og hagfræði
- Reikningshald og endurskoðun
- Markaðsfræði
- Stjórnun og stefnumótun
- Vöru- og rekstrarstjórnun
- Lögfræði (í LD)
- Tölvunarfræði (í TD)

* Framboð á valnámskeiðum innan hvernar áherslu er háð því að næg þátttaka fáiist.

BSc í viðskiptafræði með lögfræðivali. Nemendum í viðskiptafræði gefst kostur á að taka val í lögfræði sem nemur 15 einingum og útskrifast þá úr viðskiptafræði með lögfræðivali. Eftirtalin námskeið standa nemendum í viðskiptafræði til boða: Kröfurettur, Samningaréttur, Eignaréttur, Félagaréttur og Samkeppnisréttur. Námskeiðslýsingar í lögfræði er að finna í kennsluskrá á heimasíðu skólans. Forkrafa, stúdentar þurfa að hafa lokið viðskiptalögfræði í viðskiptadeild til þess að geta tekið námskeið í lagadeild. Stúdentar þurfa því að taka viðskiptalögfræði á fyrsta eða öðru ári í viðskiptadeild til þess að geta tekið valnámskeið í lagadeild á þriðja ári.

BSc í viðskiptafræði með tölvunarfræðivali. Nemendum í viðskiptafræði gefst kostur á að taka val í tölvunarfræði sem nemur 15 einingum, og útskrifast þá úr viðskiptafræði með tölvunarfræðivali. Nemendur taka þá 2 skyldunámskeið í tölvunarfræði (Gagnasafnsfræði og Kerfisgreiningu) og 3 valnámskeið. Valið takmarkast af undanfarareglum og skörun við námskeið sem tekin eru í viðskiptafræðideild, og leita skal eftir samþykki tölvunarfræðisviðs á valnámskeiðum. Námskeiðslýsingar í tölvunarfræðigreinum er að finna í kennsluskrá á heimasíðu skólans.

Alþjóðleg próf. Í tengslum við áhersluna Alþjóðaviðskipti og tungumál gefst nemendum kostur á að þreyta alþjóðleg próf í ensku og/eða spænsku. Próf af þessu tagi eru oftast en ekki nauðsynlegur aðgöngumiði að starfsmöguleikum í spænsku og ensku-mælandi löndum.

Forsetalisti viðskiptadeildar HR

Peir nemendur í námi á fyrsta háskólastigi sem bestum árangri ná á hverju próftímabili eiga kost á að komast á forsetalista viðskiptadeildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld. Til þess að vera gjaldgengir á forsetalista þurfa nemendur í dagskóla að ljúka að minnsta kosti 15 einingum en nemendur í HMV þurfa að ljúka að minnsta kosti 9 einingum á önninni. Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á aðalpróftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista. Þannig telur árangur í sjúkra- og endurtektarprófum ekki. Miðað er við að um 3% nemenda komist á forsetalista.

YFIRLIT NÁMS

BSc nám í Viðskiptafræði - Dagskóli		
	Haustönn	Vorönn
1. ár	Hagnýt stærðfræði I	Þjóðhagfræði I
	Rekstrarhagfræði I	Rekstrarbókhald
	Fjárhagsbókhald	Fjármál I
	Markaðsfræði	Stjórnun
	Aðferðafræði	Nýsköpun og stofnun fyrirtækja
2. ár	Hagnýt tölfræði I	Mannauðsstjórnun
	Fjármálamarkaðir	Vörustjórnun
	Rekstrarstjórnun	Neytendahegðun og markaðssamskipti
	Gerð og greining ársreikninga	Stefnumótun
	Alþjóðaviðskipti	Fjármál II
3. ár	Viðskiptalögfræði	BSc-verkefni
	Hagnýt upplýsingakerfi	Val
	Markaðs- og viðskiptarannsóknir	Val
	Val	Val
	Val	

Háskólanám með vinnu (HMV): BS nám í viðskiptafræði			
	Haustönn	Vorönn	Sumarönn
1. ár	Fjárhagsbókhald	Hagnýt tölfræði I	Rekstrarbókhald
	Markaðsfræði	Viðskiptalögfræði	Aðferðafræði
	Hagnýt stærðfræði I	Fjármál I	Rekstrarhagfræði I
2. ár	Gerð og greining ársreikninga	Mannauðsstjórnun	Nýsköpun og stofnun fyrirtækja
	Stjórnun	Stefnumótun	Fjármál II
	Þjóðhagfræði I	Fjármálamarkaðir	Alþjóðaviðskipti
3. ár	Neytendahegðun og markaðssamskipti	Vörustjórnun	Hagnýt upplýsingakerfi
	Rekstrarstjórnun	Markaðs- og viðskiptarannsóknir	BSc verkefni
	Valnámskeið I	Valnámskeið II	
4. ár	Valnámskeið III		
	Valnámskeið IV		
	Valnámskeið V		

Háskólanám með vinnu (HMV): Diplomanám með áherslu á fjármál og rekstur			
	Haustönn	Vorönn	Sumarönn
1. ár	Fjárhagsbókhald	Hagnýt tölfræði I	Rekstrarbókhald
	Markaðsfræði	Viðskiptalögfræði	Hagnýt upplýsingakerfi
	Hagnýt stærðfræði I	Fjármál I	Rekstrarhagfræði I
2. ár	Gerð og greining ársreikninga	Alþjóðafjármál*	
	Stjórnun	Stefnumótun	
	Þjóðhagfræði I	Fjármálamarkaðir	

*Eða annað valnámskeið á þessu sviði

Háskólanám með vinnu (HMV): Diplomanám með áherslu á stjórnun og starfsmannamál			
	Haustönn	Vorönn	Sumarönn
1. ár	Fjárhagsbókhalð	Hagnýt tölfraeði I	Rekstrarbókhalð
	Markaðsfræði	Viðskiptalögfræði	Hagnýt upplýsingakerfi
	Stjórnun	Mannauðsstjórnun	Alþjóðaviðskipti
2. ár	Þjónustustjórnun*	Samningatækni*	
	Viðskiptasiðfræði*	Vinnusálfræði*	
	Neytendahegðun og markaðssamskipti	Stefnumótun	

**Eða annað valnámskeið á þessu sviði*

Háskólanám með vinnu (HMV): Diplomanám með áherslu á markaðsfræði og alþjóðaviðskipti			
	Haustönn	Vorönn	Sumarönn
1. ár	Fjárhagsbókhalð	Hagnýt tölfraeði I	Rekstrarbókhalð
	Markaðsfræði	Viðskiptalögfræði	Hagnýt upplýsingakerfi
	Stjórnun	Mannauðsstjórnun	Alþjóðaviðskipti
2. ár	Þjónustustjórnun*	Markaðsfræði III*	
	Viðskiptasiðfræði*	Sölustjórnun*	
	Neytendahegðun og markaðssamskipti	Stefnumótun	

**Eða annað valnámskeið á þessu sviði*

NÁMSKEIÐSLÝSINGAR BSC NÁMS

Námið er í sífældri þróun og er leitast við að það sé í samræmi við alþjóðleg viðmið um viðskiptamenntun á hverjum tíma. Hér á eftir er að finna nágildandi lýsingar á námskeiðum í viðskiptadeild. Hvert námskeið hefur *einkennisnúmer* og *einkennisstafi* samkvæmt ákveðnu kerfi.

ECTS-staðallinn

ECTS (European Credit Transfer System) er námseiningakerfi sem mótað hefur verið innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar. ECTS námseiningakerfið var mótað til að samræma mat á námsframvindu innan evrópskra háskóla til að tryggja viðurkenningu á námi erlendis. ECTS-einingakerfi ð er hliðstætt einingakerfi Háskólans í Reykjavík þar sem einingin á að endurspegla alla námsvinnu stúdenta. Tvær ECTS-einingar samsvara einni einingu við HR. Miðað er við að ein ECTS eining feli í sér um 25-30 klst. vinnu fyrir nemandann.

V-101-FBOK Fjárhagsbókhald

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn (dsk. og HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám- Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

Kennarar: Ingunn H. Hauksdóttir, löggiltur endurskoðandi, stundakennari.

Námsmarkmið: Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemandur kunnir grundvallarhugmyndir fjárhagsbókhalds, þar sem lögð er áhersla á tvíhliða bókhald og hver áhrif einstakra viðskipta eru á rekstur, efnahagsstöðu og sjóðstreymi.

Lýsing: Í námskeiðinu verður farið yfir grundvallaratriði fjárhagsbókhalds, þar sem lögð verður áhersla á tvíhliða bókhald og hver áhrif einstakra viðskipta eru á rekstur, efnahagsstöðu og sjóðstreymi. Nemandur öðlast þekkingu á þeim reglum sem reikningshaldið byggir á og skilning á mikilvægi þeirra til að tryggja áreiðanleika reikningsskilanna. Nemandur fá einnig innsýn í þýðingu reikningsskila til miðlunar upplýsinga og hvernig þær upplýsingar eru notaðar í viðskiptalífinu.

Lesefni: Edmonds, McNair, Milam, Olds. 2005, Fifth / Fifth Edition. Fundamental Financial accounting concepts. McGraw-Hill/Irwin.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Verkefnavinna 30%, miðannarpróf 10%, lokapróf 60%.

Tungumál: Íslenska.

V-102-FJAR Fjármál I

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár.

Önn: Vorönn (dsk. og H MV).

Stig námskeiðs: Grunnám- Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar á viku og tveir dæmatímar.

Kennari: Jón Þór Sturluson, PhD, dósent.

Námsmarkmið: Að námskeiðinu loknu ættu nemendur að hafa góða þekkingu á helstu undirstöðum í fjármálafræðum, einkum þeim er varða fjármál fyrirtækja. Hugtök eins og tímavirði peninga, áhætta og ávöxtun, verðmyndun hluta- og skuldabréfa, fjármagnskostnað, fjármagnsskipan og fjárfestingaáætlanir ættu að vera nemendum töm. Í námskeiðinu er lögð áhersla á skilning á námsefninu í víðu samhengi, svo nemendur ættu þannig að vera í stakk búnir til að fylgjast með umfjöllun og atburðum á sviði fjármála og hafa yfir að ráða grundvallarþekkingu til frekara náms í fjármálum.

Lýsing: Grunnatriði fjármálafræða og fjármálastjórnunar verða kynnt fyrir nemendum. Fjallað verður um markmið fyrirtækja og fjármálaumhverfi. Skoðað verður samband á milli ávöxtunar og áhættu. Farið verður í tímavirði peninga og núvirðingu fjárstreymis. Nemendum verða kynnt hlutabréf og skuldabréf, verðmyndun þeirra og umhverfi fjármálamarkaðarins. Ákvarðanir fyrirtækja um fjárfestingar verða skoðaðar, þ.m.t. fjármagnskostnaður, fjárflæði verkefna og raunviltanir. Því næst verður fjallað um fjármagnsskipan fyrirtækja og loks fjárhagsáætlanir og spár.

Lesefni: E.F. Brigham and J. Houston, Fundamentals of Financial Management, Tenth Edition.

Kennsluáferðir: Fyrirlestrar, dæmatímar og verkefni.

Námsmat: Verkefni 20%, miðannarpróf 20%, lokapróf 60%.

Tungumál: Íslenska.

V-103-THAG Þjóðhagfræði

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn (H MV) og vorönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið rekstrarhagfræði I.

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar á viku og tveir dæmatímar.

Kennarar: Katrín Ólafsdóttir, MA, lektor og Axel Hall, MSc, aðjúnt

Námsmarkmið:

Að loknu námskeiðinu eiga nemendur að

- hafa öðlast skilning á þeim þáttum er hafa áhrif á verðbólgu, atvinnuleysi, vexti, gengi og aðrar þjóðhagsstærðir,

- geta lagt til og metið áhrif stjórnvaldsaðgerða á hina ýmsu þætti hagskerfisins,
- þekkja hugtök þjóðhagfræðinnar, s.s. margföldunaráhrif, peningastefnu, greiðslujöfnuð, raungengi o.s.frv., og
- skilja og geta túlkað fréttir fjölmiðla sem tengjast efnahagsmálum

Lýsing: Helstu hugtök úr rekstrarhagfræði eru rifjuð upp en síðan taka við viðfangs-efni þjóðhagfræðinnar. Þau eru þjóðhagsreikningar og verðlagsþróun; landsframleiðsla til langs tíma, hagvöxtur og atvinnuleysi; peningar, fjármagnsmarkaðir og verðbólga; heildarframboð, heildareftirspurn og áhrif hagstjórnaraðgerða; hlutverk hins opinbera; hagsveiflur, verðbólga og atvinnuleysi; viðskipti milli landa. Sérstök áhersla er lögð á að tengja fræðin íslenskum aðstæðum.

Lesefni: Parkin, Michael. 2005. Macroeconomics. 7th ed. Pearson Addison-Wesley. (HMV). Lesefni í dagskóla ákveðið síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

Tungumál: Íslenska.

V-104-STÆR Hagnýt stærðfræði I

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn (dsk. og HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám- Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Fjórir fyrirlestrar á viku og tveir dæmatímar.

Kennarar: Katrín Ólafsdóttir, MA, lektor og Arndís Thorarensen, BSc, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Geti notað logra og veldisvísaföll við prósentureikning og núvirðingu
- Séu færir um að núvirða endanlegt og óendanlegt tekjustreymi í ósamfelldum jafnt sem samfelldum tíma
- Geti leyst línuleg jöfnukerfi með fylkjareikningi
- Geti leyst ýmis hagræn vandamál með aðstoð stærðfræðigreiningar
- Geti leyst hámarksdæmi með einni eða fleiri breytustærðum
- Geti leyst hámarksdæmi með hliðarskilyrðum.

Lýsing: Miðað er við að nemendur búi í lok námskeiðs yfir haldgóðum grunni, jafnt fyrir önnur námskeið sem og frekara nám. - Diffnun: Rifjaðar verða upp helstu reglur og farið yfir notkun diffnunar við hámarksdæmi og lágmarksdæmi. Kennarar verða fyrstu og annarrar gráðu skilyrði hámarksdæmi (lágmarksdæmi) og farið yfir hagnýt hámarksdæmi. - Runur og raðir: Rifjaðar verða upp helstu reglur um runur og raðir. - Farið verður yfir logra og veldisföll og helstu notkun þeirra. - Fylkjareikningur: Kennarar verða helstu aðferðir við notkun fylkja og vektora (vigra), s.s. samlagning, margföldun og að

finna andhverfu. Lögð verður áhersla á notkun fylkjareiknings við að leysa jöfnukerfi sem nýtist við gerð og notkun haglíkana. - Diffnun II: Kennd verður diffnun jafna með mörgum breytistærðum. Sýndur verður munurinn á hlutadiffnun og heildardiffnun. Farið verður yfir hámrörkun með hliðarskilyrðum og hagræna túlkun Lagrange margfaldarans. - Fjármálastærðfræði: Einfaldir vextir, vaxtavextir, samfelldir vextir, núvirðing og framtíðarvirðing greiðslustreymis. **Athugasemd:** Miðað er við að þeir nemendur sem hafa veikan grunn hafi sótt undirbúningsnámskeið sem boðið er upp á í ágúst.

Lesefni: Barnett, Ziegler og Byleen. College mathematics for business, economics, life sciences and social sciences. 10. útgáfa, 2005. Prentice Hall.

Kenntuáferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Vikuleg skilaverkefni 25%, miðannapróf 25%, lokapróf 50%.

Tungumál: Íslenska.

V-105-MAR1 Markaðsfræði I

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn (dsk. og HVM).

Stig námskeiðs: Grunnám- Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar á viku og einn umræðutími.

Kenningar: Friðrik Larsen, MSc, lektor og Árni Árnason, MA, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að namar:

- Hafi skilning á grunnþáttum markaðsfræðinnar
- Skilji hlutverk markaðsfræðinnar í rekstri fyrirtækja
- Hafi góða hugmynd um hvernig á að útbúa markaðsáætlun og hvernig henni er framfylgt.

Lýsing: Farið er í gegnum grunnþætti markaðsfræðinnar. Námskeiðið byggir á fjórum meginþáttum í bók Kotlers: Að skilja grunnþætti markaðsstarfs. Að greina markaðstæki. Að setja saman tilboð til viðskiptavina og stýringu og framkvæmd markaðsþátta. Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa öðlast skilning á mikilvægi markaðsstarfs í daglegri starfsemi fyrirtækja og hafa næga innsýn til að móta og framfylgja markaðsáætlun.

Lesefni: Marketing Management, Kotler, Philip 2003 – Prentice Hall.

Ýmsar greinar og ljósrit.

Kenntuáferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Hópverkefni 20%, stöðupróf 10%, lokapróf 70%.

Tungumál: Íslenska.

V-201-RHAG Rekstrarhagfræði I

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár.**Önn:** Haustönn (dsk.) og sumarönn (HMV).**Stig námskeiðs:** Grunnám-Inngangsnámskeið.**Tegund:** Skyldunámskeið.**Undanfarar:** Engir.**Skipulag:** Fjórir fyrirlestrar á viku og tveir dæmatímar.**Kennari:** Ólafur Ísleifsson, MSc, lektor.**Námsmarkmið:**

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemendur:

- kunni skil á helstu lögmálum efnahagslífsins og geti nýtt sér kenningar rekstrarhagfræðinnar
- hafi tök á greiningu á atferli neytenda og starfsemi fyrirtækja á markaði
- kunni skil á verðmyndun við ólík markaðsskilyrði, allt frá fullkominni samkeppni og einkasölusamkeppni yfir í fákeppni og einokun
- hafi náð tökum á að leysa hagnýt verkefni á sviði rekstrarhagfræði.

Lýsing: Í námskeiðinu verður farið yfir nokkur helstu hugtök hagfræðinnar á borð við framboð og eftirspurn, skilvirkni markaða, ytri áhrif og samgæði. Leitað verður svara við spurningunni um hlutverk stjórnvalda á mörkuðum. Greindir verða framboðs-, kostnaðar og tekjuferlar fyrirtækisins við ólík markaðsskilyrði allt frá samkeppni til fákeppni og einokunar. Kenningum rekstrarhagfræðinnar verður beitt við að kanna markaði fyrir vinnuafli og fjármagn. Fjallað verður um val neytandans á markaði og könnuð áhrif breytinga á verði og tekjum. Að lokum verður fjallað um helstu nýjungar í rekstrarhagfræði, áhrif mismunandi upplýsinga og óvissu á ákvarðanatöku.

Lesefni: Principles of Economics (3. útgáfa), N. G. Mankiw – Thomson.**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, dæmatímar, verkefni.**Námsmat:** Verkefni 15%, miðannarpróf 15%, lokapróf 70%.**Tungumál:** Íslenska.**V-202-REGR Rekstrargreining**

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár**Önn:** Vorönn (dsk.) og Sumarönn (HMV).**Stig námskeiðs:** Grunnám-Framhaldsnámskeið.**Tegund:** Skyldunámskeið.**Undanfarar:** Fjárhagsbókhald.**Skipulag:** Fjórir fyrirlestrar á viku auk dæmatíma.**Kennarar:** Eggert Oddur Birgisson, MBA og MSc, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að:

- Nemendur öðlist skilning á grundvallaratriðum rekstrarbókhalds (e. management accounting), samspili þess við fjárhagsbókhald, og mikilvægi rekstrarbókhalds sem tækis við ákvarðanatöku, eftirlit og áætlanagerð.
- Nemendur skilji grundvallaratriði skattalaga er líta að skattlagningu einstaklinga utan atvinnurekstrar og öðlist færni í gerð skattskila fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar.

Lýsing: Fjallað verður um grundvallaratriði í rekstrarbókhaldi, m.a. hegðun/tegundir kostnaðar og áhrif á rekstrarvogun (Operating Leverage), videigandi og nauðsynlegar upplýsingar fyrir ákvörðunartöku, ferlisbókhald (Process Order System), verkþókhald (Job Order System), verkgrundaðan kostnaðarreikning (Activity Based Costing), frammistöðugreiningar, ábyrgðabókhaldskerfi (Responsibility Accounting), kostnaðargreiningu fyrir verðlagningu og notkun og gerð áætlana. Fyrir nánari upplýsingar vísast í kafla 1-12 í bókinni 'Fundamental Managerial Accounting Concepts', 3. útgáfa.

Lesefni: Verður tilkynnt síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Skyndipróf 20%, Skilaverkefni 30% og lokapróf 50%.

Tungumál: Íslenska

V-203-STJ1 Stjórnun

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn (dsk. og HVM).

Stig námskeiðs: Grunnám-Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar og tveir dæma-/umræðutímar á viku.

Kennarar: Sverrir Arngrímsson MBA, lektor og Erla S. Kristjánsdóttir PhD, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að namar:

- Hafi þekkingu á höfuðviðfangsefnum stjórnunar, þ.e. áætlanagerð, skipulagningu, forystu og eftirliti, og geri sér grein fyrir samhengi þessara þátta í rekstri fyrirtækja og stofnana.
- Hafi skilning á fjölbreytileika viðfangsefna í stjórnun og að takast megi á við þau með mismunandi sjónarhorn og lausnir í huga.
- Nemendur skilji einnig mikilvægi stjórnunar í fyrirtækjum og átti sig á samhengi stjórnkerfis fyrirtækis og rekstrarárangurs.

Lýsing: Fjallað er um skipulagsheildir, einkenni þeirra og uppbyggingu og mikilvæga þætti sem hafa áhrif í því sambandi. Helstu viðfangsefni í stjórnun fyrirtækja og stofnana kynnt og rædd með tilliti til rekstrarumhverfis og breytinga í atvinnulífi. Stefna og

stefnumótun í fyrirtækjum og stofnunum, grunnatriði stjórnskipulags, ytra umhverfi fyrirtækja, tengsl á milli og innan fyrirtækja, æviskeið fyrirtækja og menning fyrirtækja og stofnana og siðferðileg gildi. Þróun og breytingar í fyrirtækjum og stofnunum, ákvarðanatata og ákvarðanatökufærli, ágreiningur og vald innan fyrirtækja og ný viðfangsefni í rekstri og skipulagi fyrirtækja og stofnana.

Lesefni: Management (Hitt, Black, Porter), greinar og ljósrit frá leiðbeinanda.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnavinna, umræður.

Námsmat: 50% Hópverkefni, skyndipróf og kynningar og 50% lokapróf.

Tungumál: Íslenska.

X-204-STOF Nýsköpun og stofnun fyrirtækja

3 ein.(6 ECTS)

Ár: 1. ár.

Önn: Vorönn (dsk.) og sumarönn(HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Sjá kennsluaðferðir. Fyrirlestrar og hópastarf, 2-3 vinnuvikur í lok annar.

Kennarar: Lilja Dóra Halldórsdóttir, lögfræðingur, MBA, aðjúnkt og Þór Clausen, Cand. Oecon., forstöðumaður Símenntar HR og stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Skilji mikilvægi liðs í stofnun fyrirtækja og öðlist aukinn skilning á liðshegðun,
- Læri að finna góðar viðskiptahugmyndir,
- Viti hvað þarf til að stofna fyrirtæki og geti gert framúrskarandi viðskiptaáætlun.

Lýsing: Námskeiðið er viðamikíð og miðar að þróun viðskiptahugmyndar yfir í viðskiptatækifæri og gerð fullbúinnar viðskiptaáætlunar fyrir nýtt fyrirtæki eða innan starfandi fyrirtækis.

Námskeiðið skiptist í fjóra meginþætti:

- Viðskiptatækifæri og uppsprettur þeirra – viðskiptahugmyndin.
- Undirbúningur viðskiptaáætlunar – veruleikaprófið.
- Gerð viðskiptaáætlana.
- Kynning viðskiptahugmyndar fyrir fjárfestum.

Lesefni: The successful businessplan. Rhonda Abrams, 2003. Runnir R. Media.

Kennsluaðferðir: Þetta námskeið byggist á hópavinnu og er lokaafurð þess nokkuð viðamikil viðskiptaáætlun sem skila þarf á pappírformi, auk þess sem meginþætti hennar þarf að kynna fyrir dómnefnd (kennurum og etv. gestadómurum). Fyrirlestrar verða um helstu þætti hugmyndarvinnu og gerð viðskiptaáætlunar, en nemendur þurfa að gera ráð fyrir töluverðum tíma í sjálfstæðri gagnaöflun og hópastarfi.

Námsmat: Viðskiptahugmynd, lokakynning, frágangur lokaskýrslu, veggspjald og fundargerðarbók: 20% af lokaeinkunn, Markaðshluti (greining á markaði, markaðssetning): 20% af lokaeinkunn, Fjármálahluti: 20% af lokaeinkunn, Tæknileg útfærsla hugmynda: 20% af lokaeinkunn, Lögfræðileg álitaefni, stofngögn og samninga-gerð: 20% af lokaeinkunn.

Tungumál: Íslenska.

V-206 -UPLT Hagnýt upplýsingakerfi

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Sumarönn (HMV) og haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Tveir fyrirlestrar á viku og þrír samliggjandi dæmatímar.

Kennarar: Ingimar Þór Friðriksson, MBA, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að:

- Nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á hvernig viðskiptahugbúnaður virkar, hvaða viðskiptahugbúnaður stendur til boða og hvernig eigi að standa að vali á slíkum hugbúnaði Nemendur öðlist góða undirstöðuþekkingu á skipulagningu gagna í tölvukerfum. Nemendur geta eftir námskeiðið stofnað gagnasöfn og viðhaldið gagnasöfnun. Þeir munu öðlast hæfni í að vinna með eldri gagnasöfn þannig að gögnin nýtist þeim betur í viðskiptum
- Nemendur öðlist góða undirstöðuþekkingu á þróunarferli hugbúnaðar og geta á skipulagðan hátt tekið þátt í og/eða leitt slík ferli
- Nemendur öðlist reynslu í notkun verkfæra til að vinna með gögn og byggja upp minni lausnir sem ekki þykir borga sig að leysa í hefðbundnum viðskiptahugbúnaði.

Lýsing: Farið er yfir alla helstu þætti upplýsingatækninnar sem snúa að stjórnendum og sérfræðingum fyrirtækja. Lögð er rík áhersla á að skoða upplýsingatæknina sem verkfæri sem nýtist bæði til að skapa ný viðskiptatækifæri og til að hagræða í rekstri. Nemendur kynnst vel þeim hugbúnaðarlausnum sem best henta viðskiptalífínu á hverjum tíma og kynnst þeim aðferðum sem notaðar eru við val á slíkum lausnum. Nemendur kynnst helstu þáttum hugbúnaðarþróunar með áherslu á þarfagreiningu og prófanir. Farið er yfir grundvallaratriðin í uppbyggingu venslaðra gagnagrunna og læra nemendur að sækja gögn úr slíkum gagnagrunnum til að vinna með í rekstrarlegum tilgangi. Nemendur kynnst þannig meðal annars vöruhúsi gagna og gagnatenningum.

Lesefni: Information Systems : a business approach, Benson, Steve & Standing, Craig 2005 – John Wiley. Ýmsar greinar, kaflar, vefsíður og handbækur.

Kennsluáferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: 8 dæmatímaverkefni 16%, 2 skilaverkefni 24%, Lokaverkefni 20% og Lokapróf 40%.

Tungumál: Íslenska.

V-207-SPII Viðskiptaspænska II

3 ein. (6 ETCS)

Ár: 1.ár / 2.ár / 3.ár

Önn: Vorönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám–Framhaldsnámskeið.

Undanfarar: Viðskiptaspænska I eða spænskunám úr framhaldsskóla (stöðupróf hjá kennara).

Skipulag: Fjórar kennslustundir á viku (æfingartímar og fyrirlestrar).

Kennarar: Dr. Margrét Jónsdóttir, dósent.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að:

- Nemendur geti bjargað sér við hversdagslegar aðstæður í daglegu lífi og viðskiptum.
- Nemendur kunni skil á flestum atriðum spænskrar málfræði en sérstök áhersla er lögð á notkun þátíða í framsöguhætti.

Lýsing: Námskeiðið er framhald af viðskiptaspænsku II. Haldið er áfram með kennslubókina Rápido, rápido og farið yfir helstu atriði spænskrar málfræði. Lögð verður áhersla á notkun þátíða í spænsku sem og notkun viðtengingarháttar. Auk kennslubókar lesa nemendur raunhæfa texta úr spænsku atvinnulífi. Unnið verður markvisst að því að undirbúa nemendur fyrir alþjóðlegt próf í spænsku í maí 2005 með því að leggja jafna áherslu á lestur, skrift, talæfingar og hlustun. Nemendur sem taka Viðskiptaspænsku II geta sótt spænskunám í Burgos á Spáni í upphafi sumars.

Lesefni: Fyrirlestrar, kennsluforrit menningarmálastofnunar Spánar og kennslubókin En equipo.es

Kennsluaðferðir: Kennt er á spænsku og útskýrt á íslensku þegar nauðsyn krefur. Mikið er lagt upp úr þátttöku í tímum og sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda. Skyldumæting er á spænskuborðið í hádeginu á þriðjudögum í mötuneyti skólans. Þar er talað saman á spænsku.

Námsmat: Tvö áfangapróf (hvert þeirra gildir 15%), þátttaka í tímum og stílar 20%, munnlegt og skriflegt lokapróf 50%. Reglulega eru haldin fimm mínútna próf í lok tíma.

Tungumál: Spænska og íslenska.

**V-208-ENII English for Banking and Finance
(Business English II)**

3 ein. (6 ECTS)

Year of study: First year / Second year.

Semester: Spring.

Level of course: First cycle-Intermediate.

Type of course: Elective.

Prerequisites: None.

Schedule: Four Lectures per week for 12 weeks.

Lecturer: Erlendina Kristjansson, M.Paed, Lecturer.

Learning outcome:

On completion of the course students should:

- Have acquired specialized vocabulary relating to the world of money, banking, and finance
- Know the formal structure of business reports and letters relating to the world of finance
- Have acquired the skills in writing bad-news messages
- Practiced their skills in persuasive writing
- Understand the language and structure of annual reports
- Have the ability to read articles from various cultural perspectives in the world investment and spending
- Have the ability to analyze technical material relating to financial data
- Know the language of debates for purposes of persuasive oral communication
- Be aware of advanced structures of formal writing
- Understand advanced principles of business grammar
- Have acquired a better understanding of advanced English idioms, collocations, and metaphors that are used in the business world
- Have increased intercultural competence skills
- Have knowledge of various language learning strategies
- Have acquired effective oral communication skills for purposes of small talk, speeches, debates, and presentations
- Have sharpened their listening skills in specialized areas.

Content: This course is aimed at increasing students' understanding of the language of banking and finance. The course deals with practical aspects such as types of financial institutions, the role of the central bank, types of investments and vocabulary relating to bonds and shares. A practical approach is followed in that real-life examples from banks and other institutions will be used as teaching material. Students take active part in the lessons through lively discussions on current trends in the world of finance and investments and debates based on the latest news. Vocabulary work forms the basis of the course and students will increase their specialized vocabulary substantially.

Reading Material: Mackenzie, Ian. 1995. *Banking and Finance*. Hove: Language Teaching Publications. Taylor, Shirley. 1998. *Model Business Letters and Other Business Documents*. Harlow: Financial Times Professional Limited.

Kristjansson, Erlendina. 2005. Professional English. Reykjavik: The University of Reykjavik Publishers. Teaching and learning activities: Short lectures, discussions, authentic language tasks, pair and group work

Assessment: Vocabulary Tests (50%), Yearly Report Assignment (10%), Business Letters (10%), Presentation (20%), Personal Vocabulary Glossary (10%)

NO FINAL EXAM .

Language of instruction: English.

V-303-TOL1 Hagnýt tölfræði I

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2.ár.

Önn: Vorönn (HMV) og haustönn(dsk.).

Stig námskeiðs: Grunn nám–Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

Kennari: Arndís Thorarensen, BSc, stundakennari og Ólafur Ísleifsson, MSc, lektor

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemendur geti:

- Lýst grundvallarhugtökum í lýsandi tölfræði og ályktunarfræði.
- Reiknað öll helstu dæmi í lýsandi tölfræði- og ályktunarfræði “á blaði/skriflega” með vasareikni og í tölvu með Excel.
- Túlkað niðurstöður reiknaðra dæma.

Lýsing: Í upphafi námskeiðs verður farið yfir helstu aðferðir lýsandi tölfræði. Að því búnu verða kennd helstu mæligildi á miðlægni og dreifingu gagna. Þá verður farið yfir helstu hugtök líkindafræða sem undirstöðu tölfræðilegra aðferða. Næst verða teknar fyrir strjalar og samfelldar hendingar og dreifingar þeirra. Fjallað verður um úrtök og úrtaksdreifingar. Þá er komið að kjarna ályktunartölfræðinnar, mati á stikum og prófun á tilgátum. Að lokum verður farið í fylgni og farið yfir aðferð minnstu kvaðrata (e. ordinary least squares, OLS) við aðhvarfsgreiningu með það að markmiði að meta hagnýt línuleg sambönd í viðskiptalífinu. Áhersla verður lögð á að beita aðferðum tölfræðinnar við lausn hagnýtra dæma og verkefna. Lagt verður upp úr því að nemendur geti reiknað dæmi á blaði með aðstoð vasareiknis og í tölvu með Excel og skyldum forritum.

Lesefni: Statistics for Business and Economics. Newbold, P. & Carlson, W.L. 5. útg. 2003.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, dæmatímar og skilaverkefni.

Námsmat: Lokapróf 70%, Áfangapróf 10%, Skilaverkefni 20%.

Tungumál: Íslenska.

V-304-FMAR Fjármálamarkaðir

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2. ár.

Önn: Haustönn (dsk.) og vorönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Fjármál I og Þjóðhagfræði I.

Skipulag: Þrjár fyrirlestrar og einn dæmatími á viku.

Kennari: Dr. Þórarinn G. Pétursson, dósent.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Búi yfir grundvallarþekkingu á íslenskum fjármálamörkuðum og stofnunum þeirra
- Skilji samhengi starfsemi fjármálafyrirtækja við efnahagslífið í heild
- Kunni skil á grundvallareiginleikum fjáreigna og verðlagningu þeirra
- Geti túlkað með gagnrýnum huga helstu viðfangsefni efnahagssumræðunnar á Íslandi og séu um leið virkir þátttakendur í henni.

Lýsing: Í þessu námskeiði er fjallað um fjármálakerfið og helstu stofnanir þess. Fjallað er um helstu undirmerkaði fjármálakerfisins og samspil þeirra. Einnig er fjallað um hlutverk hins opinbera á fjármálamörkuðum og stjórn peningamála. Lögð er áhersla á íslenska fjármálakerfið og stofnanir þess í allri umfjöllun.

Lesefni: Mishkin, R.F. og Eakins, S.G., 2005. Financial Markets and Institutions/5. Addison-Wesley.

Kennsluáferðir: Fyrirlestrar.

Námsmat: Dagskóli: Ritgerð: 30%, Æfingapróf: 10% og lokapróf: 60%.

HMV: Ritgerð: 30% og lokapróf: 70%.

Tungumál: Íslenska.

V-307-GARS Gerð og greining ársreikninga

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2. ár.

Önn: Haustönn (dsk. og HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám–Framhaldsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Fjárhagsbókhald og rekstrargreining.

Skipulag: Þrjár fyrirlestrar og einn dæmatími á viku.

Kennarar: Kristinn Freyr Kristinsson, löggiltur endurskoðandi, stundakennari.

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins eru að nemendur:

- Öðlist skilning á lögum og reglum sem gilda um ársreikninga íslenskra fyrirtækja

- Öðlist skilning á helstu matsreglum, hugtökum og kennitölum sem birtast í íslenska ársreikningnum.
- Séu færir um að semja tiltölulega einfaldan ársreikning þ.e. rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi.
- Skilji grunnhugsunina á bakvið samstæðureikningsskil séu færir um að bera saman lykilyfirlit ársreikninga og túlka niðurstöður þeirra
- Séu færir um að gera einföld verðmöt á fyrirtækjum út frá upplýsingum í ársreikningum/áætlunum.

Lýsing: Kynning á lögum um ársreikninga, kynning reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga og ársreikningskafla hlutafélagalaganna. Nemendur fá þjálfun í gerð einfaldra ársreikninga. Dæmum um ársreikninga verður dreift eða vísað á heimasíður og farið yfir í tíma. Reglur um fjárfestingar í hlutabréfum og öðrum markaðsverðbréfum kynntar með hliðsjón af lögum um ársreikninga og stöðlum alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (IASB). Eiginfjárreikningar kynntir og ráðstöfunarmöguleikar einstakra reikninga með skírskotun í lög. Reglur um færslu tekjuskatts í reikningsskil kynntar. Sjóðstreymi og notkun helstu kennitalna því tengdu. Meðferð kaupréttar á hlutabréfum (options) í reikningsskilum kynnt. Helstu kennitölur í ársreikningum kynntar. Stutt kynning verður á lífeyris- og ábyrgðarskuldbindingum, ófenislegum eignum og gerð verður grein fyrir mismuninum á fjármögnunarleigu- og kaupleigusamningum. Kynning á samstæðureikningsskilum.

Lesefni: Verður tilkynnt í upphafi námskeiðs.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: 2 lítil verkefni 15% (2*7,5%), áfangapróf 10%, verkefni 15%, lokapróf 60%.

Tungumál: Íslenska.

V-308-ALVI Alþjóðaviðskipti

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2. ár.

Önn: Haustönn (dsk.) og sumarönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Inngangssnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Þjóðhagfræði I og markaðsfræði.

Skipulag: Fjórir fyrirlestrar á viku á haustönn, níu fyrirlestrar á viku á sumarönn.

Kennarar: Dr. Jón Ormur Halldórsson, dósent og Þorgeir Pálsson, Cand. Oecon, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er gert ráð fyrir að nemendur:

- Þekki meginatriði í uppbyggingu og nýlegri þróun alþjóðlega viðskiptakerfisins
- Skilji helstu áhrif og afleiðingar frelsis og takmarkana á frelsi í alþjóðaviðskiptum

- Þekki til helstu fræðikenningar um alþjóðaviðskipti
- Skilji ástæður stuðnings og andstöðu við alþjóðleg viðskiptabandalög og hnattvæðingu
- Þekki með hvaða hætti munur á menningu getur truflað alþjóðleg viðskipti
- Þekki ólíkar og mögulegar leiðir til alþjóðavæðingar fyrirtækja
- Skilji meginatriði í skipulagi alþjóðlegs rekstrar og fjölþjóðlegri stjórnun
- Þekki áhættur í alþjóðlegum rekstri.

Lýsing: Í fyrri hluta námskeiðsins, sem kenndur verður af Jóni Ormi, er eftirfarandi til umfjöllunar: umhverfi og þróun heimsviðskipta, hnattvæðing viðskipta, fræðilegar kenningar um alþjóðleg viðskipti, pólitísk mótun viðskiptastefnu og viðskiptaumhverfis, viðskiptahindranir, svæðisbundin viðskiptabandalög, ESB og NAFTA, áhrif menningar á alþjóðleg viðskipti, erlend fjárfesting, staðsetning framleiðslu, GATT og WTO, alþjóðlega peningakerfið og IMF. Í seinni hluta námskeiðsins, sem kenndur verður af Þorgeiri, eru málin skoðuð frá sjónarhóli fyrirtækjanna sjálfra. Meðal annars verður eftirfarandi tekið fyrir: ávinningur og áhættur erlendra starfsemi, mögulegar leiðir við alþjóðavæðingu fyrirtækja, útrás íslenskra fyrirtækja: saga og lærdómur, skipulag alþjóðlegs rekstrar, alþjóðleg markaðssetning og þróunarstarf, alþjóðlegt samstarf, inn/útflutningur, fjölþjóðleg stjórnun, fjármálastýring og reikningshald.

Lesefni: Hill, Charles W. L. 2003/4/5. International Business: Competing in the global marketplace. McGraw –Hill/Irwin.

Kennsluáferðir: Fyrirlestrar.

Námsmat: Verkefni og lokapróf. Prófseinkunn myndar 60% af lokaeinkunn, verkefni 40%.

Tungumál: Íslenska.

V-309-ENG3 English for the Global Manager and International Relations (Business English III)

3 ein. (6 ECTS)

Year of study: Second year / Third year.

Semester: Fall.

Level of course: First cycle-Advanced.

Type of course: Elective.

Prerequisites: None.

Schedule: 4 Lectures per week for 12 weeks.

Lecturer: Erlendina Kristjansson, M.Paed, Lecturer.

Learning outcome:

On completion of the course students should:

- Have acquired specialized vocabulary relating to the world of global management, human resource management, negotiations, and conflict resolution.
- Understand the various individual and team negotiation strategies
- Understand basic language relating to mediation and arbitration

- Know how to apply English under conditions that demand quick thinking and decision making skills
- Know the language of negotiations and international meetings
- Have increased intercultural competence skills.
- Have an in-dept understanding of the business culture of at least three foreign countries
- Be able to critically discuss aspects relating to international business etiquette
- Know the formal structure of CV's, covering letters, the letters of recommendation, and the long reports.
- Have acquired the skills in writing argumentative texts.
- Have the ability to read articles relating to international companies, politics and controversial issues relating to human labor
- Understand advanced principles of business grammar
- Have acquired a better understanding of advanced English idioms, collocations, and metaphors that are used in the business world
- Have knowledge of various language learning strategies
- Have acquired effective oral communication skills for purposes of small talk, speeches, negotiations, consultations, and presentations
- Have increased pronunciation skills
- Have sharpened their listening skills in specialized areas.

Content: This course focuses on English skills needed in a multicultural global environment with a special emphasis on vocabulary acquisition and oral communication skills. The course covers aspects relating to multi-cultural companies, human resource management in an international environment, interpersonal skills of a global manager, global negotiations and negotiation strategies, and informative and persuasive communication strategies in the spoken and written word.

Reading Material: Bill Mascull. *Business Vocabulary in Use*. Cambridge: Cambridge University Press. 2002.

Further reading: To be announced.

Teaching and learning activities: Short lectures, interactive language sessions, mock meetings and negotiations, discussion work, real-life project with the Cultural House Assessment: Cultural House Project – interviews, report on cultural differences and CV (30%), Negotiations Session (10%), Presentation (10%), Writing (20%), Oral Report on business etiquette (10); Vocabulary Tests (20%). NO FINAL EXAM.

Language of instruction: English.

V-310-SPA3 Viðskiptaspænska III

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1.ár / 2.ár /3.ár.

Önn: Haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Viðskiptaspænska I og II eða grunnur úr framhaldsskóla – stöðupróf hjá kennara.

Skipulag: 2 fyrirlestrar á viku og 4 æfingartímar.

Kennari: Dr. Margrét Jónsdóttir, dósent.

Námsmarkmið: Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemandur geti bjargað sér við hversdagslegar aðstæður í daglegu lífi og viðskiptum. Jafnframt er stefnt að því að nemandur kunni skil á helstu einkennum spænskrar menningar. Nemandur þreyta alþjóðlegt próf – DELE - í spænsku í nóvember 2006.

Lýsing: Námskeiðið er þrjúþætt og lögð áhersla á málfræði, orðaforða og menningu. Farið verður nánar í undurstöðuatriði í spænskri málfræði með tilliti til viðskiptalíffins. Unnið er með rauntexa á spænsku en ofuráhersla verður lögð á notkun þátíða og viðtengingarháttar. Lögð er jöfn áhersla á hlustun, talmál, lesskilning og ritað mál. Lestarfærni er þjálfuð og unnið er með texta sem tengjast atvinnulífinu. Nemandur eru markvisst undirbúnir fyrir alþjóðlega prófið í nóvember.

Lesefni: Fyrirlestrar og kennslubókin En equipo.es II

Kennsluáferðir: Kennt er á spænsku og útskýrt á íslensku þegar nauðsyn krefur. Menningartímarnir eru á íslensku! Ekki er nauðsynlegt að þátttakendur hafi grunn í spænsku. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og skyldumæting er í tíma og á spænskuborðið í hádeginu á þriðjudögum í mötuneyti skólans. Þar er talað saman á spænsku.

Námsmat: Tvö áfangapróf (hvert þeirra gildir 15%), þátttaka í tímum og stílar 20%, munnlegt og skriflegt lokapróf 50%. Reglulega eru haldin fimm mínútna próf í lok tíma.

Tungumál: Íslenska og spænska.

V-311-OPMA Rekstrarstjórnun

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2. ár.

Önn: Haustönn (dsk. og H MV)

Stig námskeiðs: Grunnám- Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Tilkynt síðar.

Kennarar: Ingólfur Þórisson, MSc, lektor.

Námsmarkmið: Að nemandur geti skilgreint hlutverk og markmið rekstrarstjórnunar í skipulagsheildum. Að nemandur þekki aðferðir við hönnun ferla, vöru, þjónustu og helstu aðferðir við áætlanagerð og stýringu í rekstri. Stýring afkastagetu og stýring birgða. Að nemandur kunni skil á aðfangakeðjum og hugmyndafræði Lean og JIT. Að nemandur hafi innsýn í verkefnastjórnun, gæðaeftirlit og gæðastjórnun. Að nemandur þekki til aðferða við umbætur í rekstri, TQM, Six Sigma og ISO 9000 staðla og vottunar.

Lýsing: Rekstrarstjórnun fjallar um framleiðslu vara og þjónustu. Skipulagsheildir framleidda vörur og/eða veita þjónustu, hvort sem þær hafa hagnað að markmiði eða önnur markmið. Í þessum áfanga er fjallað um rekstrarstjórnun í rökrænni röð, hvernig hlutverk og markmið rekstrarins er skilgreint út frá stefnu fyrirtækis, jafnframt áhrif rekstrarstjórnunar á stefnu fyrirtækis. Þá er fjallað um helstu aðferðir og hugmyndafræði í hönnun ferla, vöru og þjónustu. Ennfremur um áætlanagerð og stýringu t.d. afkastagetu, birgða, aðfangakeðja. Þá er fjallað um verkefnastjórnun, gæðaeftirlit og stjórnun. Loks er fjallað um umbætur í rekstri og gæðastjórnun.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, dæmisögur og dæmareikningur.

Námsmat: Hóprverkefni 20%, miðannarpróf 20% og lokapróf 60%

Tungumál: Íslenska.

V-401-LOG Viðskiptalögfræði

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár / 2.ár.

Önn: Haustönn (dsk.) og vorönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnánám-Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: 3 fyrirlestrar á viku.

Kennari: Helgi Jóhannesson hrl., stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Hafi öðlast innsýn í íslenskt réttarkerfi og þau réttarsvið sem einkum koma til skoðunar við rekstur fyrirtækja.

Lýsing: Í námskeiðinu verða nemendum kynntar helstu réttarheimildir í lögfræði og uppbygging íslensks réttarkerfis. Farið verður yfir grundvallarreglur samningaréttar, kröfuréttar, kauparéttar og félagaréttar. Kynning á helstu lögum og reglum um kaup og sölu á verðbréfum á markaði auk þess sem farið verður yfir helstu réttindi og skyldur í vinnumarkaðsrétti.

Lesefni: Sigríður Logadóttir. 2003. Lög á bók, yfirlitsrit um lögfræði. Mál og menning. Ingvar Sverrisson. 1999. Einkahlutafélög: Stofnun, réttindi og skyldur. Bókaklúbbur atvinnulífsins. Áslaug Björgvinsdóttir. 1999. Félagaréttur. Orator. Páll Sigurðsson. 1987. Samningaréttur. Orator.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar.

Námsmat: Miðannarpróf 50%, lokapróf 50%.

Tungumál: Íslenska.

V-404-STEF Stefnumótun

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2.ár.

Önn: Vorönn (dsk. og H MV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Fjórir fyrirlestrar á viku. Þrem vikum varið í vinnu við lokaverkefni.

Kennarar: Guðrún Högnadóttir, MPH, þróunarstjóri Stjórnendaskóla HR, og Þröstur Ólaf Sigurjónsson, MBA, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Hafi öðlast greinargóða þekkingu á hugmynda- og aðferðafræði stefnumótunar
- Hafi hlotið hagnýta þjálfun í stefnumarkandi hugsunarhætti
- Hafi öðlast færni í að beita aðferðafræði stefnumótunar við greiningu atvinnugreina og einstakra fyrirtækja
- Hafi öðlast skilning á hvernig stefnumótun hjálpar fyrirtækjum við að móta og ná markmiðum í rekstri.

Lýsing: Fjallað verður um helstu kenningar og aðferðir stefnumiðaðrar stjórnunar. Áhersla

verður lögð á aðferðir við greiningu á getu skipulagsheilda, rekstrarumhverfi og væntingum hagsmunaaðila og þeim beitt í umfangsmikilli verkefnavinnu. Fjallað verður um leiðir til að ná og viðhalda samkeppnisforskoti, tengsl móðurfélags og viðskiptaeininga, þróun stefnu, mat á stefnumiðuðum valkostum og framkvæmd stefnu. Vinna við lokaverkefni hefst samhliða fyrirlestrum um miðja önn en fer að mestu fram eftir að hefðbundnu próftímabili er lokið.

Lesefni: Johnson, G. & Scholes, K. 2002. Exploring Corporate. Strategy/6. Prentice Hall.

Kennsluáferðir: Fyrirlestrar.

Námsmat: Áfangapróf og verkefni.

Tungumál: Íslenska.

V-406-TOL2 Hagnýt tölfræði II

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Hagnýt tölfræði I.

Skipulag: Fjórir tímar á viku, fyrirlestrar og dæmatímar.

Kennarar: Katrín Ólafsdóttir, MA, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Geti notað aðferðir tölfræði við greiningu gagna
- Geti smíðað einföld spálfkön
- Geti notað tölfræðilífkön við ákvarðanatöku af ýmsu tagi
- Geti lagt mat á rannsóknir annarra.

Lýsing: Kynntar verða helstu aðferðir hagamælinga og beitingar hagnýtrar tölfræði. Fjallað verður um fræðilegar og hagnýtar hagrannsóknir - „econometrics“. Áhersla verður lögð á hinar ýmsu aðferðir til að meta stuðla hins línulega líkans. Fjallað verður um vandamál sem koma upp við slíkt mat og aðferðir til að bregðast við þeim. Jafnframt verður fjallað um notkun þessara aðferða í hagnýtum tilgangi. Farið verður yfir tölfræðilífkön sem nýtast við ákvarðanatöku.

Lesefni: Studendum, A.H., Applied Econometrics, 5. útgáfa 2005. Addison-Wesley.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Þátttaka í tímum, skilaverkefni, miðannarpróf, lokaverkefni og lokapróf.

Tungumál: Íslenska.

V-412-FJA2 Fjármál II

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2. ár.

Önn: Vorönn (dsk.) og sumarönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Fjármál I, hagnýt stærðfræði I og hagnýt tölfræði I.

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar á viku og tveir dæmatímar.

Kennari: Guðrún Johnsen, MSc, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemendur:

- kunnir skil á hugtökum og aðferðum að baki ákvörðunum um verðlagningu verðbréfa og myndun eignasafna
- kunnir skil á verðlagningu skuldabréfa, helstu vaxtahugtökum, og áhættu tengdri slíkum bréfum
- hafi öðlast glögga innsýn í afleiður og beitingu þeirra í fjármálum.

Lýsing: Í upphafi námskeiðs er farið rækilega yfir helstu hugtök og aðferðir við verðlagningu skuldabréfa. Næst eru tekin fyrir undirstöðufræði um myndun eignasafna. Þá eru tekin fyrir helstu líkön um jafnvægi og skilvirkni fjármagnsmarkaðar, meðal annars CAPM- og APT-líkonin. Að lokum er inngangur að afleiðufræðum og lýsing á beitingu þeirra í fjármálum.

Lesefni: Investments (6. útgáfa), Bodie, Kane og Marcus – McGraw-Hill.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, dæmatímar, verkefni.

Námsmat: Verkefni 30%, lokapróf 70%.

Tungumál: Íslenska.

V-413-SPIV Viðskiptaspænska IV

3 ein. (6 ETCS)

Ár: 1.ár / 2.ár / 3.ár.

Önn: Vorönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám–Framhaldsnámskeið.

Undanfarar: Viðskiptaspænska III eða annað spænskunám (stöðupróf hjá kennara).

Skipulag: 4 kennslustundir á viku (æfingartímar og fyrirlestrar).

Kennari: Dr.Margrét Jónsdóttir, dósent.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að:

- Nemendur geti notað þáttíðir og viðtengingarhátt af öryggi og festu.
- Nemendur geti lesið texta á spænsku með hjálp spænsk-spænskrar orðabókar.

Lýsing: Viðskiptaspænska með sérstakri áherslu á að fínþússa orðaforða og framsögn í ræðu og riti. Lögð er jöfn áhersla á hlustun, talmál, lesskilning og ritað mál. Nemendur kynna sér sérstaklega spænskt atvinnulíf og flytja framsögu um valið efni.

Lesefni: Fyrirlestrar, kennsluforrit menningarmálastofnunar Spánar, tvítyngd útgáfa af Yermu og kennslubókin En equipo.es II.

Kennsluáferðir: Kennt er á spænsku. Mikið er lagt upp úr þátttöku í tímum og sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda. Skyldumæting er á spænskuborðið í hádeginu á þriðjudögum í mötuneyti skólans. Þar er talað saman á spænsku.

Námsmat: Þrjú áfangapróf (hvert þeirra gildir 15%), þátttaka í tímum og skrifleg verkefni 30% og skriflegt lokapróf 25%.

Tungumál: Spænska.

V-414-VORU Vörustjórnun

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2. ár.

Önn: Vorönn 2007 (dsk. og HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Tilkynt síðar.

Kennarar: Dr. Árni Halldórsson, dósent.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- Skilji grundvallarhugmyndir í einstökum þáttum vörustjórnunar sem og innbyrðis tengsl þeirra.
- Geti sýnt fram á þekkingu við noktun tengdra stjórnátæka til lýsingar og greiningar á stjórnunarlegum vandamálum sem tengjast vöru- og upplýsingaflæði hins einstaka fyrirtækis

Lýsing: Vörustjórnun (e. Logistics Management) tekur á þáttum er varða flæði íhluta, vöru og upplýsinga í hinu einstaka fyrirtæki. Grundvöllur fagsins er skipulags- og

stjórnunarleg vandamál tengdum aðgerðum ss. viðskiptaþjónusta, innkaup, lager, flutningar, vöruhús, dreifing; allt aðgerðir sem hafa snertiflöt með öðrum fræðigreinum, sér í lagi rekstrarstjórnun og markaðsfræðum. Þessar aðgerðir eru ekki einungis mikilvægar fyrir framleiðslu- og verslunarfyrirtæki, heldur standa þjónustufyrirtæki og opinberar stofnanir frammi fyrir ákvörðunartöku og stefnum, sem byggja á verkfærum vörustjórnunar.

Lesefni: Grant, David B. et al. (2005): Fundamentals of Logistics Management – European Edition, greinar úr fagtímaritum (tilkynnt síðar), Case.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Tilkynnt síðar.

Tungumál: Tilkynnt síðar.

V-418-ENGL English for International Business Law (Business English IV) 3 ein. (6 ECTS)

Year of study: Second year / Third year.

Semester: Spring.

Level of course: First cycle-Advanced.

Type of course: Elective.

Prerequisites: None.

Schedule: Four Lectures per week.

Lecturer: Erlendina Kristjansson, M.Paed, lecturer.

Learning outcome:

On completion of the course students should:

- Have acquired specialized vocabulary relating to legal issues relating to companies and legal documents that commonly appear in the business environment
- Have an understanding of the various company types in an international environment
- Gained insight into the various documents that are required to establish a company
- Know the formal structure of a standard commercial contract and a loan agreement
- Have the ability to draft a basic power of attorney, letter of demand, acknowledgement of debt, and an employment contract
- Understand the tone and style of language used in collection matters
- Know how to read statutes aimed at finding specific information
- Know the language of standard clauses in basic contracts
- Have the ability to read basic legal documents and specialized clauses that commonly appear in contracts
- Analytical skills in reading and working with legal text
- Have the ability to read articles that deal with legal matters in the world of business

- Have a basic understand of e-mails and the law: libel, slander and disclaimer clauses
- Understand basic principles of legalese and legal jargon
- Have an understanding of legal grammar
- Have increased intercultural competence skills
- Have knowledge of various language learning strategies
- Have acquired effective oral communication skills for purposes of small talk, speeches, meetings and presentations
- Have increased pronunciation skills
- Have sharpened their listening skills in specialized areas.

Content: Legal language as a specialized area of language learning is covered in this course. The course follows a practical approach in that students are introduced to authentic texts aimed at enhancing their understanding of the language of law. Students are also introduced to the basic structures of various legal texts. Students practice their reading strategies and gain increased vocabulary through reading specialized texts. Students also practice their formal writing skills by writing short arguments, letters, summaries and formal texts. Practical language exercises are also completed throughout the course aimed at increased grammar and usage skills. Oral communication is also practiced through informal discussions on current legal issues in the business world, formal speeches and presentations.

Reading Material: To be announced.

Teaching and learning activities: Practical lectures, vocabulary work, authentic language tasks, pair work and discussions.

Assessment: Vocabulary work and texts (50%), Writing (20%), Presentation (20%), Personal Glossary (10%). NO FINAL EXAM.

Language of instruction: English.

V-500 BSCP Undibúningsnámskeið BSc verkefna 0 ein. (0 ECTS)

Ár: 3. ár, næst-síðasta misseri í BSc námi.

Önn: Haustönn og vorönn.

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Undirbúningsnámskeið fyrir þá sem ætla í BSc verkefni á næstu önn.

Undanfarar: Aðferðafræði.

Skipulag: Tilkynt síðar.

Kennari: Dr.Leifur Geir Hafsteinsson, lektor.

Námsmarkmið: Verulegar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi BSc verkefna veturinn 2005-2006, og var markmið þeirra að veita nemendum aukinn stuðning við gerð BSc verkefna og bæta árangurinn. Meðal annars verður þess krafist að þeir sem ætla að vinna BSc verkefni á vorönn 2007 séu búnir að skila nothæfri verkefnisáætlun til umsýjarmanns BSc verkefna í síðasta lagi 1. desember 2006. Þá taka gildi fleiri breytingar á BSc verkefnum, er varða m.a. tegund verkefna. Markmiðið með und-

irbúningsnámskeiðinu er að hjálpa nemendum að ljúka þessari áætlun og vera í stakk búinir til að mæta nýjum kröfum til BSc verkefna.

Lýsing: Námskeiðinu er fyrst og fremst ætlað að aðstoða nemendur við að skilgreina og afmarka rannsóknaspurningu eða verkefnishugmynd og að gera verkefnisáætlun. Einnig verða rifjuð upp ýmis atriði er varða vinnslu og frágang verkefna á háskólastigi, svo sem leit að góðum heimildum og rétt meðferð þeirra. Þá er farið yfir APA-staðalinn og ýmis mikilvæg málfarsleg og skipulagsleg atriði. Að síðustu verða helstu aðgerðir í SPSS tölfræðiforritinu kynntar nemendum.

Lesefni: Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson (2002) Gagnfræðakver handa háskólanemum (2. útg.). Reykjavík: Háskólaútgáfan. Annað námsefni tilkynnt síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, ritunaræfingar, heimildavinnuæfingar, æfingar í tölfræðiforriti.

Námsmat: Ekki verði gefin hefðbundin einkunn fyrir þetta námskeið heldur fáir þeir sem eru skráðir einkunnina „staðið“ í sinn feril.

Tungumál: Íslenska.

V-502-ADFR Aðferðafræði

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1. ár / 2. ár.

Önn: Vorönn (dsk) og sumarönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Inngangsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Fjórir tímar á viku (fyrirlestrar, umræðutímar og verkefnatímar).

Kennarar: Dr. Leifur Geir Hafsteinsson lektor og Dr. Auður Arna Arnardóttir, sérfræðingur.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Hafi hlotið þjálfun í gagnrýnni hugsun
- Hafi hlotið þjálfun í ritun texta um viðskiptafræðileg málefni á greinargóðu íslensku máli
- Hafi hlotið þjálfun í réttri meðferð heimilda
- Hafi hlotið þjálfun í flutningi hnitmiðaðra og árangursríkra kynninga
- Hafi hlotið þjálfun í gerð, fyrirlögn og úrvinnslu spurningalista.

Lýsing: Í námskeiðinu verður í fyrsta lagi lögð áhersla á að þjálfna nemendur í gagnrýnni hugsun og í uppbyggingu sterkra röksemdafærslna. Í öðru lagi verður lögð áhersla á að þjálfna vönduð vinnubrögð við skrifað mál. Sérstök áhersla verður lögð á rétt vinnubrögð við heimildavinnu í tengslum við gerð verkefna, skýrslna og annarra náms- og starfstengdra greinargerða. Rík áhersla verður lögð á að nemendur temji sér að fjalla um viðfangsefni sín á greinargóðri íslensku. Í þriðja lagi byggir námskeiðið þekkingargrunn í aðferðafræði vísindalegra rannsókna. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist grunnfærni í beitingu spurningakannana með verkefnavinnu. Í fjórða lagi

verða nemendum kynnt grundvallaratriði kynninga í töluðu máli. Nemendur fá þjálfun í helstu atriðum kennslunnar með undirbúningi og flutningi eigin kynninga.

Lesefni: Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2002). Gagnfræðakver handa háskólanemum (3. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan. Ljósrit með ýmsum greinum og köflum.

Annað námsefni ákveðið síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

Tungumál: Íslenska.

V-504-AFLE Afleiður

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Hagnýt stærðfræði I og fjármál I.

Skipulag: Tveir fyrirlestrar í viku og tveir dæmatímar.

Kennarar: Benedikt Gíslason, CSc, stundakennari, og Jóhann Steinar Jóhannsson, BSc, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemendur:

- Þekki og geti verðlagt helstu gerðir afleiða.
- Skilji hvernig afleiður eru notaðar við áhættustýringu og í fjárfestingaskyni.
- Kunni skil á fræðilegum bakgrunni einfaldra verðlagningarlíkana þar sem hugtökin högnun og áhættulaus verðlagning gegna lykilhlutverki.
- Geti búið til eingreiðsluvaxtaferilinn og notað hann við verðlagningu afleiðna.

Lögð er áhersla á raunhæf verkefni sem tengjast innlendum og erlendum verðbréfa-mörkuðum. Í tengslum við alla afleiðusamninga er gerður greinarmunur á verði og virði og nemendur læra að reikna út hvorutveggja.

Lýsing: Byrjað verður á stuttri kynningu á afleiðum og vöxtum. Nemendur læra að nota og búa til eingreiðsluvaxtaferilinn og hvaða kenningar eru notaðar til þess að skýra lögun hans. Í framhaldi af því verður fjallað um framvirka samninga á vexti og aðrar undirliggjandi eignir. Þar á eftir verða skiptasamingar teknir fyrir, bæði greiðslufæði og verðlagning. Að lokum verður farið í valréttarsamninga á hlutabréf, skuldabréf og vexti. Mikil áhersla verður lögð á verkefnavinnu til þess að dýpka skilning nemenda og auka leikni þeirri í notkun afleiðusamninga.

Lesefni: Hull, John. (2005) Options, Futures and Other Derivatives (6. útg.).

Kennsluaðferðir: Fyrirlestra- og umræðutímar, verkefna- og dæmatímar.

Námsmat: Verkefni 50% og lokapróf 50%.

Tungumál: Enska.

V-505-VSFR Hagnýt vinnusálfræði

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.**Önn:** Vorönn (HMV).**Stig námskeiðs:** Grunnám-Sérhæft námskeið.**Tegund:** Valnámskeið.**Undanfarar:** Stjórnun og Mannauðsstjórnun.**Skipulag:** Þrjú fyrirlestrar á viku.**Kennarar:** Dr. Auður Arna Arnardóttir, sérfræðingur.**Námsmarkmið:**

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- kynnist sálfræði sem vísindagrein, tilgangi hennar og viðfangsefnum
- öðlist góða yfirsýn yfir helstu kenningar og hagnýtingar á þeim sviðum hagnýtrar sálfræði sem tekin eru fyrir hverju sinni
- öðlist aukna færni til að leysa hagnýt vandamál tengd mannlegum þáttum á vinnustað.

Lýsing: Áfanginn tekur fyrir valin viðfangsefni innan hagnýtrar sálfræði sem öll tengjast vinnustaðnum. Meðal viðfangsefna sem hafa verið tekin fyrir eru: Starfshvatning, hagnýt atferlisgreining, tilfinningar á vinnustað, skynjun á réttlæti og sanngírni, streita og kulnun, samskipti og ágreiningur á vinnustað, einelti á vinnustað, pólitík á vinnustað, og vinnuteymi.

Lesefni: Ljósrit með greinum. Annað námsefni ákveðið síðar.**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar.**Námsmat:** Verkefni og lokapróf.**Tungumál:** Íslenska.**V-508-EVRO Ísland og Evrópusambandið**

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.**Önn:** Vorönn (dsk.).**Stig námskeiðs:** Grunnám-Sérhæft námskeið.**Tegund:** Valnámskeið.**Undanfarar:** Nei.**Skipulag:** Sex fyrirlestrar á viku í sjö vikur.**Kennarar:** Jónas Fr. Jónsson, cand juris., MBA, stundakennari og Aðalsteinn Leifsson, MSc, MBA, lektor.**Námsmat:** Lokapróf.**Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu er gert ráð fyrir að nemendur:

- Þekki rætur, uppbyggingu og stofnanakerfi ESB
- Skilji helstu drifkrafta til samrunaþróunar í Evrópu og rætur andstöðu við hana

- Þekki stefnumótunar og lagasetningarferli innan ESB og valdajafnvægi á milli stofnana þess
- Skilji meginatriði varðandi sameiginlegan innri markað ESB og aðkomu Íslands að honum
- Þekki efnisatriði helstu deilumála um framtíðarþróun ESB
- Skilji eðli EES sammingsins, þekki stöðu hans og helstu kosti og galla fyrir íslenskt atvinnulíf
- Þekki uppbyggingu EES, framkvæmd sammingsins og aðferðir við íslenska hagsmunagæslu
- Skilji helstu kosti og galla við mismunandi framtíðarskipan á tengingu Íslands við ESB.

Lýsing: Evrópa og umheimurinn, þróun atvinnulífs og stjórnmála í Evrópu, rætur ESB, uppbygging ESB, stofnanir ESB og þróun þeirra, breytt valdahlutföll innan ESB, ríkjasamstarf og yfirþjóðlegt vald, sameiginlegur innri markaður ESB, sameiginlegur gjaldmiðill ESB, stækkun ESB, deilurnar um framtíðarskipan ESB, þróun íslenskra utanríkisviðskipta, Ísland og EFTA, eðli EES-sammingsins og framtíð hans, EES og ESB, sjávarútvegsstefna ESB, kostir og gallar aðildar að ESB fyrir íslenskt atvinnulíf, íslensk stjórnmál og tenging Íslands við Evrópusamruna, íslenska krónan og íslenskt atvinnulíf.

Lesefni: Tilkynt síðar.

Kennsluáðferð: Fyrirlestrar og umræður.

Námsmat: Verkefni eða miðannarpróf og lokapróf.

Tungumál: Enska.

V-510-UPSK Uppgjör og skattskil

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: Haustönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám–Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Fjárhagsbókhald og rekstrarbókhald.

Skipulag: Fjórir tímar á viku sem skiptast í fyrirlestra og verkefni.

Kennarar: Páll Jóhannesson, hdl., stundakennari og Lúðvík Þráinsson, endurskoðandi, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- Kunni skil á helstu grundvallarreglum íslenskra skattalaga
- Hafi öðlast almennan skilning á íslensku skattaumhverfi, sem nauðsynlegur er stjórnendum fyrirtækja, bæði við fjárhagslega ákvarðanatöku og í samskiptum við utanaðkomandi skattaráðgjafa
- Kunni að lesa og nota íslensk skattalög og aðrar skattlagningarreglur þ.m.t. tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert, en eitt einkenni þeirra er að þau eru

síbreytileg og því er nauðsynlegt fyrir stjórnendur fyrirtækja að fylgjast vel með breytingum á lögnum

- Þekki mismuninn á reikningshaldslegri og skattalegri afkomu fyrirtækja og kynnist helstu frávikum á milli reikningshaldsins og skattareglna varðandi mat á einstaka liðum í reikningsskilum félaga
- Geti stillt upp skattauppgjöri og fundið út réttan skattstofn og hafi fullan skilning á því af hverju skattstofn eða skattskylda ákvarðst á þann hátt sem hún gerir og verði færir í að útskýra það með lagarökum og almennum rökum

Lýsing: Grundvallarreglur íslenskra skattalaga og íslensks skattkerfis kenndar bæði að því er varðar einstaklinga og fyrirtæki. Kennd er hagnýt notkun og skilningur á skattalögum og tvísköttunarsamningum og útleiðsla skattstofna út frá þeim mismun sem er á reikningshaldslegri og skattalegri afkomu fyrirtækja. Uppstilling skattauppgjörs og útskýring á því hvað ræður skattstofnum með reikningslegum og lagalegum rökstuðningi.

Lesefni: Lög um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003, Lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, Lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, Lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, Lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, Lög nr. 113/1990 um tryggingagjald.

Önnur lög, s.s. lög um iðnaðarmálagjald, búnaðargjald, og reglugerðir nánar tilgreindar síðar. Úrskurðir yfirsattanefndar, dómur héraðsdóms og Hæstaréttar er tengjast námsefninu.

Greinar sem birst hafa viðkomandi kennsluefninu, Ítarefni: Skattur á fyrirtæki eftir Ásmund G. Vilhjálmsson. Handbók um virðisaukaskatt, Leiðbeiningar RSK um virðisaukaskatt. Skattur á fjármagnstekjur og eignir eftir Ásmund G. Vilhjálmsson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Tvö stór verkefni sem gilda hvort um sig 15% af heildareinkunn. Lokapróf sem gildir 70%.

Tungumál: Íslenska.

V-511-STST Mannauðsstjórnun

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2. ár.

Önn: Vorönn (dsk. og H MV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Stjórnun.

Skipulag: Fjórar kennslustundir á viku, fyrirlestrar og verklegir tímar.

Kennarar: Arney Einarsdóttir, MA, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Hafi hlotið grunnþjálfun í að sinna þeim þáttum almennra stjórnunarstarfa sem lúta að stjórnun mannaúðs.

- Geri sér grein fyrir stefnumótunarlegu hlutverki mannaússtjórnunar og þeim möguleikum sem í því hlutverki felast fyrir samkeppnishæfni fyrirtækja.
- Þekki verksvið mannaússtjórnunardeildar, skilji tilgang hennar og hafi nægilega þekkingu á helstu þáttum mannaússtjórnunar til að geta nýtt sér þjónustu sérfræðinga í mannaússtjórnun á markvissan og árangursríkan hátt.

Lýsing: Fjallað er um ferli mannaússtjórnunar frá ráðningu til starfsloka, þ.m.t. mönnun og ráðningar, þjálfun og starfsþróun, frammistöðustjórnun, launastjórnun, starfsmannatengsl og vinnurétt. Áhersla er lögð á tengsl mannaússtjórnunar við stefnumótun fyrirtækja og stofnana, rétta verkaskiptingu almennra stjórnenda og starfsmannadeilda og mælingar á árangri. Verklegar æfingar og lausn raundæma er ætlað að þjálfa ýmiss atriði námsins.

Lesefni: Ljósrit með greinum. Annað námsefni ákveðið síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verklegir tímar.

Námsmat: Einstaklingsverkefni 55%, Hópverkefni 45%

Tungumál: Íslenska.

V-512-AUGL Marketing Communications and Design

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: Haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Tilkynt síðar

Skipulag: Námskeiðið er samvinnuverkefni Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands (LHÍ). Námskeiðið er byggt upp af þremur hlutum. Í fyrsta hluta munu nemendur sækja fyrirlestrar á sviði Integrative Marketing Communication. Í öðrum hluta munu nemendur vinna að verkefni í samstarfi við nemendur í LHÍ um hönnun og markaðssetningu vöru eða þjónustu. Þriðji hluti mun samanstanda af fyrirlestrum, l- okaprófi og uppsetningu sýningar á verkum nemenda í Listasafni Reykjavíkur.

Kennari: Halldór Örn Engilbertsson, MSc, aðjúnkt, auk kennara frá LHÍ og erlend- um samstarfsskólum LHÍ.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- Proski og auki hæfni sína til að þróa vöru eða þjónustu frá grunni.
- Geti hannað og framkvæmt kynningarstefnu vöru eða þjónustu.
- Auki viðsýni með því að vinna að ögrandi verkefni í fjölbreyttum hópi nemenda.

Lýsing: Í fyrsta hluta námskeiðsins fá nemendur góða yfirsýn yfir mismunandi leiðir sem eru færar við markaðssetningu vöru. Annar hluti mun veita þeim tækifæri til að útfæra þekkingu sína með tilbúna vöru eða þjónustu, sem hönnuð er í samráði við hönnunarnema. Nemendur frá báðum skólunum vinna í sameiningu að þróun nýrrar vöru eða þjónustu. Þeir fullhanna vöruna/þjónustuna (t.d. með prótótýpu) og í fram-

haldinu hanna nemendur og framkvæma kynningarstefnu fyrir vöruna. Að lokum mun þekking nema á markaðssetningu verða dýpkuð enn frekar.

Lesefni: Tilkynnt síðar

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnavinna.

Námsmat: Hópverkefni 50%, lokapróf 30%, lokakynning 10%, þátttaka í tímum 10%

Tungumál: Enska.

V-513-SJUT Sjávarútvegsfræði

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: vorönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Engir

Skipulag: Fjórir fyrirlestrar á viku.

Kennari: Kristján Vigfússon, MBA, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur hafi öðlast:

- hagnýta þekkingu á hlutdeild og hlutverki sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum fyrr og nú
- átti sig á samspili sjávarútvegs við aðrar greinar
- skilji og þekki forsendur fiskveiðistjórnunar og fiskveiðiráðgjafar við Ísland og þær aðferðir sem beita má í því sambandi
- þekki kvótakerfið og virkni þess
- átti sig á samruna og yfirtökum í sjávarútvegi undanfarin ár
- þekki helstu fiskistofna, eðli þeirra, ástand og þróun, helstu veiðisvæði og veiðitímabil
- þekki til rannsókna í sjávrútvegi
- fái innsýn í alþjóðleg málefni, m.a. Evrópusambandið og sjávarútveg
- skilji framleiðslu- og gæðastjórnun í fiskvinnslu og mikilvæg atriði við meðferð afla
- hafi öðlist innsýn og þekkingu á sölu og markaðssetningu sjávarafurða.

Lýsing: Yfirferð á námskeiðinu er miðuð við að nemendur fái viðskiptalega innsýn í mikilvæga þætti í sjávarútvegi og rekstri fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á framleiðslu og sölu sjávarafurða. Að nemendur öðlist skilning á fiskveiðistjórnun og mikilvægi kvótakerfisins. Helstu viðfangsefni eru: starfsumhverfi fyrirtækja í sjávarútvegi, afkoma sjávarútvegsfyrirtækja, fiskistofnar við Ísland og fiskveiðirannsóknir og fiskveiðiráðgjöf. Vinnsla sjávarfangs, helstu tegundir vinnslu og mikilvægir þættir í því sambandi sem og markaðssetning og sala sjávarafurða. Ennfremur að nemendur öðlist innsýn í þróun varðandi samruna og yfirtökur, alþjóðamál og rannsóknir.

Lesefni: Ýmsar greinar og ljósrit frá leiðbeinanda.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og vettvangsferðir.

Námsmat: Lokaverkefni gildir 60% af heildareinkunn. Gert er ráð fyrir kynningu á lokaverkefni og gildir sú kynning 20%. Loks er gert ráð fyrir 20% mætingar og þátttöku einkunn.

Tungumál: Íslenska.

V-514-VISI Viðskiptasiðfræði

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2.ár / 3. ár.

Önn: Haustönn (dsk.og H MV).

Stig námskeiðs: Grunnám–Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: 3 fyrirlestrar á viku (kennt einu sinni í viku -blanda af fyrirlestrum og verkefnum).

Kennari: Ketill B. Magnússon, MA, stundakennari.

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins er að eftir það eigi nemendur:

- auðveldara að koma auga á siðræn vandamál í viðskiptum
- geti greint á milli mismunandi sjónarmiða til ágreiningsmála og sett sig í spor hagsmunaaðila
- eigi auðveldara með að taka ákvarðanir um siðferðisleg málefni
- hafi heilstætt og rökstutt viðhorf til tengsla atvinnulífsins og samfélagsins.

Lýsing: Í námskeiðinu verður siðferðilegur grundvöllur viðskipta skoðaður og nemendum veitt þjálfun í að taka viðskiptalegar ákvarðanir með siðferðilegu sjónarmiði. Nemendur kynnst hugtökum og kenningum viðskiptasiðfræði og glíma við nokkur af helstu siðferðilegu málefnum atvinnulífsins, s.s. siðareglum, kynferðislegri áreitni, innherjasvikum, mútum, persónuvernd, umhverfisvernd og hagræðingu í fyrirtækjarekstri.

Lesefni: Verður kynnt síðar.

Kennsluáferðir: Nemendur munu glíma við einstaklings- og hópverkefni, auk þess sem þeir taka þátt í hlutverkaleikum og framsögum um siðferðileg málefni. Gerð er krafa um virka þátttöku í tímum.

Námsmat: Hópverkefni og þátttaka í umræðum 20%, einstaklingsverkefni 30%, loka-próf 50%.

Tungumál: Íslenska.

V-516-VERD Verðmat

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám–Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Fjármál I.

Skipulag: Fjórir fyrirlestrar á viku og einn dæmatími.

Kennarar: Sigurður Erlingsson, MSc, löggiltur verðbréfamíðlari, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- Hafi öðlast yfirgripsmikla þekkingu á verðmati fyrirtækja
- Þekki helstu verðmatsaðferðir, kosti þeirra og galla
- Geti framkvæmt verðmat á ólíkum fyrirtækjum eða rekstrareiningum með samhliða notkun fleiri en einnar aðferðar
- Geti rökstutt verðmat og undirliggjandi forsendur verðmats
- Hafi góða skilning á þeim þáttum er stuðla að verðmætaaukningu fyrirtækja.

Lýsing: Á námskeiðinu verður verða kynntar allar helstu verðmatsaðferðir fyrirtækja og rekstrareininga. Fjallað verður um það hvernig haga beri verðmati við ólíkar aðstæður og ólíkar gerðir fyrirtækja, og hvernig helstu forsendur verðmats eru grundvallaðar. Túlkun niðurstöðu verðmats og rökstuðningur verður einnig til umfjöllunar, í ljósi ólíkra verðmatsaðferða. Komið verður inn á verðmat við samruna og yfirtökur. Fjallað verður um virðisstjórnun og aðgerðir til aukinnar verðmætasköpunar. Í námskeiðinu verður unnið eitt stórt raunhæft verðmatsverkefni.

Lesefni: Analysis of Equity Investments: Valuation, J.D. Stowe, T.R. Robinson, J.E. Pinto, og D.W. McLeavey, 2002 – AIMR. Ýmsar greinar og kaflar – ljósrít.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Þátttaka í umræðum og verkefnavinna 20%, miðannarpróf 20%, lokapróf 60%.

Tungumál: Íslenska.

V-518- ENGL English for Management and Marketing (Business English I)

3 ein. (6 ECTS)

Year of study: First year.

Semester: Fall.

Level of course: First cycle-Intermediate.

Type of course: Elective.

Prerequisites: None.

Schedule: Four Lectures per week for 12 weeks.

Lecturer: Erlendina Kristjansson, M.Paed, lecturer.

Learning outcome:

On completion of the course students should:

- Have acquired specialized vocabulary relating to business administration, management, and marketing
- Know the formal structure of British and American business letters.
- Have the ability to write formal business orientated e-mails

- Know the language of meetings in oral and written form
- Be aware of the basic structures of formal writing
- Understand the structure and style of persuasive writing
- Have the ability to read academic texts and daily articles relating to management
- Be able to discuss various forms and language use in advertisements from various parts of the world
- Understand the basic principles of business grammar
- Be aware of the basics relating to diction, style and punctuation
- Have acquired a better understanding of English idioms, collocations, and metaphors that are used in the business world
- Have increased intercultural competence skills
- Have knowledge of various language learning strategies
- Have acquired effective oral communication skills for purposes of small talk, speeches, meetings and presentations
- Have improved their pronunciation skills
- Have sharpened their listening skills in specialized areas.

Content: This course is aimed at enhancing students' communicative competence in the business environment by practising their four language skills: reading, writing, speaking and listening. The main emphasis of the course is on increased business vocabulary and fluency. The course themes are business administration, management, and marketing. Students are introduced to the basic principles of business writing and various the structures that are used for formal business texts.

Reading Material: Mackenzie, Ian. 1997. Management and Marketing. Hove: Language Teaching Publications. Taylor, Shirley.1998. Model Business Letters and Other Business Documents. Harlow: Financial Times Professional Limited. Kristjansson, Erlendina. 2005. Professional English. Reykjavik: The University of Reykjavik Publishers.

Teaching and learning activities: Short Lectures, content-based approach, authentic tasks, practical speaking sessions, pair and group work.

Assessment: Vocabulary Tests (30%), Business Letters (30%), Marketing Material (10%), Presentation and Report (20%), Vocabulary Strategies and Personal Glossary (10%) NO FINAL EXAM.

Language of instruction: English.

V-519-STAR Stjórnun starfsframans

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: Haust (HMV og dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Kennari: Þröstur Ólaf Sigurjónsson, MBA, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- Hafi unnið markvisst að starfsframa sínum;
- Þeir viti sem best hvar áhuginn liggur
- Þeir þekki þá tækni sem megi beita til að komast í starf sem heillar

Markmið námskeiðsins miðar að því að efla nemendur til að vinna markvisst að starfsframa sínum. Í þessu felst hið (i) fyrra að vita hvar áhuginn liggur, (ii) hið seinna er að kunna tæknina sem kemur manni á áfangastað.

Lýsing: Bæði verður (i) tekið á því gefa nemendum tækifæri til að kynnst hvaða störf kunna að vera í boði að námi loknu, þeim aðstoðað við að fóta sig í flórinni og (ii) komast sem næst þeim vettvangi sem mest heillar. Leitast er við að gefa nemendum tækifæri til að meta áhuga sinn og tækifæri. Jafnframt er horft til þess að nemendur hljóti tengingu við þann hluta viðskiptalífsins sem þeir vilja starfa á, þeir kynnist réttum stjórnendum og fái m.a. þekkingu á viðtalstækni, gerð CV og kynningarbréfa. Námskeiðið í heild á að efla aðgreiningu nemenda og skapa þeim samkeppnisforskot frá nemendum viðskiptadeilda annarra háskóla. Jafnframt verður leitast við að upplýsa nemendur um möguleika á framhaldsnámi að BS gráðunni lokinni.

Lesefni: Námskeiðið krefst fyrst og fremst verklegs framlags nemenda. Þó er farið yfir nokkrar greinar, case (dæmisögur) og eina bók í yfirferðinni (að einhverju leyti). Annað ítarefni er birt að neðan. Bók: What Color is Your Parachute?, Bolles, Ten Speed Press, 2004. Strategic Maps, converting intangible assets into tangible outcomes. Robert S. Kaplan, David P. Norton. HBS 2004. (Ekki skylda að kaupa).

Greinar:

- Having Trouble with Your Strategy? Then Map It, Kaplan and Norton, HBS September 2000
- Goodbye Career, Hello Success, Randy Komisar, HBS March-April 2000
- Managing Your Career, Linda A. Hill, 9-494-082, HBS December 1998

Case:

- Kevin Simpson, 9-492-041, HBS, March 1995 (Video verður sýnt með)
- Önnur case verða kynnt til sögunnar í upphafi námskeiðs.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, dæmatímar o.fl.

Námsmat: Skýrslur, ritgerðir, framsagnir, þátttaka í tímum (ekki lokapróf).

Tungumál: Íslenska.

V-522-SERV Service Management

3 ein. (6 ECTS)

Year of study: Third year.

Semester: Fall.

Level of course: First cycle-Intermediate.

Type of course: Elective.

Prerequisites: Management and Marketing.

Schedule: Weekly lectures.

Lecturer: Kristinn T. Gunnarsson, MBA, stundakennari.

Learning outcome:

On completion of the course the students should have increased their knowledge in the following:

- Develop their skills to manage service company
- Understand the importance of service strategy
- Realize the importance of service processes and metrics
- Recognize the vitality of human resources in services.

Content: The course is divided into three modules:

- First module is “Strategising the promise” which provides insight into the changing world of the service industry. First we take a look at how the concept of service has evolved and the importance of service in today’s marketplace. Second we introduce the concept of collective leadership of all organizational members in a service setting and finally provide a theoretical framework of a new concept, Service leadership.
- Second module highlights practical tools and methods for designing services. The first two chapters in this module discuss design principles for service strategies and processes. The third covers the crucial area of service recovery – what a company must do to recover the customer when service is not delivered right the first time. The final chapter in this module discusses the use of metrics in all phases of the service design and delivery processes.
- The third and last module focuses on the role of the service provider in the quest for service quality and competitive advantage. First, methods of enhancing employees’ customer-oriented behaviors are explored and second, important issues in managing a service organization are discussed. The third chapter in this module deals with the crucial role of human resources in successful service organizations. Finally, a step-by-step approach on how to build an effective service leadership culture is summarized.

Reading material: Service Leadership – The quest for competitive advantage.

Teaching method: Lectures, discussions, in class projects and company visits.

Evaluation: Class participation 15%, Monthly projects 30%, Final project (individual) 55%.

Language: English.

V-523-MACO Neytendahegðun og markaðssamskipti

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 2. ár dsk og 3. ár HMV

Önn: Haustönn (HMV.) og vorönn dsk.

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Markaðsfræði.

Skipulag: Einn fyrirlestur á viku ásamt verkefnavinnu.

Kennarar: Halldór Örn Engilbertsson, MSc, aðjúnt.

Námsmarkmið: Að nemendur öðlist skilning á eðli hinna ýmsu markaðssamskipta-tækja og fái þjálfun í hvernig eigi að byggja upp samhæfða markaðssamskiptaáætlun. Í námskeiðinu er meðal annars lögð áhersla á áhrifaþætti neytendahegðunar, hlutverk samhæfðra markaðssamskipta í markaðsstarfi fyrirtækja, stöðugreiningu, setningu markmiða og mótun markaðssamskiptastefnu. Auglýsingagerð, birtingar, kostir og gallar hinna ýmsu tækja markaðssamskipta og mælingar á þeim.

Lýsing: Neytendahegðun og markaðssamskipti. Farið yfir félagslega og sálfræðilega áhrifavalda neytendahegðunar annarsvegar og hinsvegar notkun mismunandi markaðsboðmiðla. Kaupákvörðunarferli neytenda rannsakað og neyslumeningu gerð skil. Kostir og gallar hvers miðils rannsakaðir ásamt því að útbúa markaðssamskiptaáætlun. Rætt um hlutverk samhæfðra markaðssamskipta í markaðsstarfi fyrirtækja, stöðugreiningu, setningu markmiða og mótun markaðssamskiptastefnu. Auglýsingagerð, birtingar, kostir og gallar hinna ýmsu tækja markaðssamskipta og mælingar á þeim. Námskeiðið er keyrt með stúdentum á Höfðabakka.

Lesefni: Belch, G.E. & Belch, M.A. (2004), Advertising and Promotion; An Integrated Marketing Communications Perspective. 6. útgáfa, Boston: McGraw-Hill.

Ýmsar greinar

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, gestafyrirlestrar, áfangapróf, hópverkefni.

Námsmat: Creative brief 10%, stöðupróf 10%, kynningaráætlun 30%, lokapróf 50%. Nemendur verða að standast lokapróf til að einkunnir úr verkefnum og stöðuprófi telji til einkunnar.

Tungumál: Enska.

V-524-LEAD Leiðtogar og breytingastjórnun

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Stjórnun.

Skipulag: Fjórir tímar á viku.

Kennarar: Lilja Dóra Halldórsdóttir, lögfræðingur, MBA, aðjúnt og Guðrún Högnadóttir, MPH, þróunarstjóri Stjórnendaskóla HR.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- eigi auðveldara með að greina og gera tillögu um lausnir á stjórnunarlegum viðfangsefnum
- hafi eflt leiðtogahæfileika sína
- hafi betri þekkingu á umhverfi stjórnenda

Lýsing: Farið verður dýpra í einstaka þætti sem kynntir voru í námskeiðinu Stjórnun, séstaklega varðandi leiðtogann, breytingastjórnun og fyrirtækjameningu. Fjallað

verður um vinnu með ólíku fólki, teymisvinnu, leiðtogann, breytingastjórnun og fyrirtækjamenningu, auk annarra viðfangsefna. Nemendur munu vinna raunhæf verkefni (case) þar sem reynir á greiningahæfni og hæfileika þeirra til ákvarðanatöku.

Lesefni: Greinahefti og annað efni.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefni, umræður.

Námsmat: Verkefni, þátttaka í tímum, lokapróf.

Tungumál: Enska.

V-526-SPA5 Viðskiptaspænska V

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1.ár / 2.ár / 3.ár.

Önn: Haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Viðskiptaspænska III eða grunnur úr framhaldsskóla – stöðupróf hjá kennara.

Skipulag: Fjórir fyrirlestrar á viku.

Kennari: Dr. Margrét Jónsdóttir, dósent.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur:

- Skrifri á spænsku af öryggi og hafa spreytt sig á þýðingum.
- Þekki betur spænskt efnahagslíf og vita hvernig þeir eiga að finna upplýsingar um það.

Nemendur þreyta alþjóðlegt próf – DELE - í spænsku í nóvember 2005.

Lýsing: Námskeiðið er tvíþætt: málnotkun og efnahagslíf. Unnið er út frá þemanu að stofna fyrirtæki á Spáni. Til þess þarf að afla ýmissa upplýsinga. Farið verður nánar í erfiðustu þætti spænskrar málfræði og nemendur þýða texta sem tengjast þema námskeiðisins. Einnig verður farið í ritun viðskiptabréfa og þýðingu þeirra yfir á spænsku.

Lesefni: Fyrirlestrar og kennslubókin.

Kennsluaðferðir: Kennir er á spænsku og útskýrt á íslensku þegar nauðsyn krefur. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og skyldumæting er í tíma og á spænskuborðið í hádeginu á þriðjudögum í mötuneyti skólans. Þar er talað saman á spænsku.

Námsmat: Þrjú áfangapróf (hvert þeirra gildir 15%), þátttaka í tímum, stílar og verkefni 30%, munnlegt og skriflegt lokapróf 25%.

Tungumál: Spænska og íslenska.

V-528-MAVI Markaðs- og viðskiptarannsóknir

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn (dsk.) og vorönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Hagnýt tölfræði I og aðferðafræði.

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar á viku og einn dæmatími.

Kennarar: Dr. Leifur Geir Hafsteinsson lektor og Dr. Þorlákur Karlsson forseti viðskiptadeildar.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur:

- Skilji hlutverk markaðs- og viðskiptarannsókna í ákvörðunartöku stjórnenda.
- Geti skipulagt og framkvæmt einfalda rannsókn.
- Geti unnið úr einfaldri rannsókn með SPSS og sett fram niðurstöður.
- Kunni skil á styrkleikum og veikleikum helstu rannsóknaraðferða og viti hvernær hver og ein á við þegar þörf er á að gera rannsókn.

Lýsing: Fjallað verður um hlutverk og mikilvægi viðskiptarannsókna og farið yfir helstu þætti í rannsóknarferlinum. Einnig verður fjallað um uppbyggingu rannsókna og um helstu rannsóknaraðferðir í viðskiptafræði með sérstakri áherslu á kannanir. Í hverri aðferð fyrir sig er ýtarleg krufning á uppbyggingu, hefðum hennar og þeim tókum sem aðferðin er tekin. Þá er lögð áhersla á að nemendur þekki til mælinga og söfnun gagna, svo og úrvinnslu og framsetningu niðurstaðna. Nemendur læra á SPSS-hugbúnaðinn sem er mjög algengur við úrvinnslu niðurstaðna úr markaðs- og viðskiptarannsóknum. Þá er lögð áhersla á gerð og vinnslu raunhæfra verkefna.

Lesefni: Verður kynnt síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Verkefni, áfangapróf og lokapróf.

Tungumál: Íslenska eða enska.

V-529-CFSR Viðskiptalífið í nærmynd

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn.

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: valnámskeið.

Undanfarar: Fjármál I og stefnumótun

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar á viku.

Kennarar: Guðrún Johnsen, MSc, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu ættu nemendur að:

- Hafa öðlast brennandi áhuga á fréttum af alþjóðlegu efnahags- og viðskiptalífi
- Hafa öðlast betri innsýn í stefnumótun í fjármálum og þau störf viðskiptafræðingar sinna í atvinnulífinu
- Skilja betur hvaða ástæður liggja að baki ýmsum gerningum í viðskiptalífinu

- Sjá skýrari tengsl á milli fræðanna og raunveruleikans og vera betur í stakk búin til að beita fræðunum í raunveruleikanum eftir útskrift

Lýsing: Fjallað er um það sem efst er á baugi hverju sinni í viðskiptalífnum á Íslandi og erlendis og sá raunveruleiki tengdur við fjármálafræðina. Fjallað er sérstaklega um stefnumótun í fjármálum með það að leiðarljósi að skýra hvaða drifkraftar eru að verki í viðskiptalífnum, t.d. hvers vegna er Iceland Express metið á 500 milljónir króna, ef það hefur aldrei skilað hagnaði og á engar eignir? Af hverju kaupir Eignarhaldsfélagið Dagsbrún Securitas á 2,4 milljarða og hvað þýðir það að eigendur Securitas fá greitt í hlutabréfum? Hvers vegna er bandaríska fyrirtækið Google svona verðmætt? Hvaða áhrif mun það hafa ef gengi íslensku krónunnar mun falla um 20% í árslok 2006 (líkt og bankar eru að spá fyrir um?). Hvaða áhrif hafa virkjanaframkvæmdir á Íslandi á íslenskt efnahagslíf. Þetta og fleira yrði til dæmis til umræðu í tímum.

Lesefni: Bender og Ward. (2005). Corporate Financial Strategy (2. útg.). Elsevier

Kennsluáferðir: Fyrirlestrar.

Námsmat: Fyrirlestur og ritgerð 50%, þátttaka 10%, vinnuappá 15% og munnlegt próf 25%.

Tungumál: Íslenska.

V-531 ORCO Organizational Communication ECTS: 6 [3 Credits]

Year of study: 3rd year.

Semester: Fall 2006

Level of course: First cycle-Advanced.

Type of course: Elective.

Prerequisites: Management I.

Schedule: Lecture and group activities for 13 weeks

Lecturer: Erla S. Kristjánsdóttir, PhD, Assistant Professor.

Learning Objectives:

To introduce you to the field of organizational communication.

- To examine a range of perspectives, theories and issues to explore the ways in which varied perspectives can shape, expand, or limit our understanding of communicating and organizing.
- To improve your ability to analyze organizing activity and to make you a more effective member of organizations.
- To apply theoretical knowledge to an understanding of real world processes through class discussion, research, and application essays.
- To promote critical thinking about the role of communication in—and as constitutive of—organizations.
- To connect theory and research to your own lived experiences in organizations. Therefore your experiences, insights, questions and concerns will be a key part of the course.

Description: Organizational communication, as a field of study, analyzes how the actions of people inside and outside organizations are coordinated and controlled to achieve some collective outcomes; it is also concerned with the ways individuals are shaped by their interactions with the organizations around them. This course will attempt to show how communication is key to understanding how organizations work; this sort of understanding can enhance your ability to engage with all sorts of organizations. Only when we understand how organizations work can we attempt to change them and control our own experiences with them.

Topics, concepts and theories discussed: Classical, Human Relations, Human Resources, Systems, Cultural, Critical approaches, Assimilation, Decision-Making, Conflict Management, Change and Leadership Processes, Processes of Emotion in the Workplace, Organizational Diversity Processes and Technological Processes & Changing Landscape.

Reading Material: Miller, K. (2006). Organizational Communication: Approaches and Processes. 4th Edition. Belmont, CA: Wadsworth Some additional readings at the professor's discretion. Teaching and learning activities: Lectures and group activities

Assessment: 3 Exams - The exams consist of a combination of multiple choice, and essay questions in order to evaluate your mastery of the concepts from the texts, class lectures, and discussions. Application Essay - You will be asked to write one application paper and present in class. The 4-6 page typed essay will give you an opportunity to apply a theory and/or concepts that we explore in class to your own organizational experiences. Organizational Consultant Project - This is a group project whereby you will develop an 8-10 page paper that encapsulates organizational theoretical concepts and processes relating to an organization and communication practices and present a 25-minute presentation plus five minutes of Q & A.

Language of Instruction: English

Location: Ofanleiti

V-532-WTOC Free Trade and China

ECTS: 6 [3 Credits]

Year of study: 3rd year.

Semester: Fall 2006

Level of course: First cycle-Advanced.

Type of course: Elective.

Prerequisites: None.

Schedule: Three lectures for 14 weeks.

Lecturer: Adalsteinn Leifsson, MSc, MBA, Lector.

Learning Outcome:

On completion of the course students should have good understanding of:

- the case for and against free trade and trade liberalization
- the effects of the membership of China in the World Trade Organisation (WTO)

- the history, role and organization of the WTO
- the objectives and content of the main agreements on free trade in goods and services
- the development of China as a major player in world trade
- the purpose, composition and effects of bilateral free trade agreements (FTAs)
- the scope of bilateral free trade agreements concluded by China
- the issues, positions and underlying interests in the free trade negotiations between China and Iceland
- the cooperation that Iceland has with its EFTA partners in FTA negotiations
- the importance of FTAs and international agreements on trade for Icelandic businesses.

Content: The main topic of this course is international and bilateral trade agreements, their meaning for free trade and the opportunities that they create for businesses. In recent years there has been an explosion of Free Trade Agreements (FTAs) – and at the same time the 150 member states of the World Trade Organization (WTO) are conducting a new round on global free trade – the Doha-round . What is the meaning of FTAs and the Doha-round for businesses and different economies? How do bilateral FTAs effect international agreements? China will be the reference point of the course. The effects of the Chinese membership in the WTO from 2001 is examined and used to highlight the importance, organisation and objectives of the WTO. Also China's role in the Doha-round will be explored. Further, the negotiations between China and Iceland on a bilateral free trade agreement, which are scheduled to start in the autumn of 2006, will be used as an example for exploring free trade agreements. We will follow the negotiations as they unfold.

Reading Material: The Political Economy of the World Trading System: WTO and Beyond, Bernard Hoekman, Michel Kosteci, Oxford University Press 2004. Various other sources will be used.

Teaching and learning activities: Lectures and practical sessions.

Assessment: Assignments (60%) and final test (40%).

Language of Instruction: English.

Location: Ofanleiti

V-601-EIGN Eignastýring

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: Vorönn.

Stig námskeiðs: Grunnám- Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Nauðsynlegir: Hagnýt tölfraði I, fjármál I, fjármál II.

Æskilegur: Hagnýt tölfraði II.

Skipulag: Kennslan fer fram yfir fjórar helgar, tvær í janúar og tvær í febrúar/mars.

Kennari: Kári Sigurðsson, MSc, sérfræðingur.

Námsmarkmið:

Að loknu þessu námskeiði eiga nemendur að hafa vald og þekkingu á:

- Grundvallaratriðum um verðbréfa-, vogunar- og lífeyrissjóði
- Hvaða þættir hafa áhrif á vænta ávöxtun hlutabréfa
- Aðferðarfræði við að setja saman hagkvæmasta eignasafn
- Áhættumælikvörðum
- Árangursmælikvörðum

Lýsing: Í fjármálum I og II var fjallað um skilvirkni markaða og niðurstaðan af þeirri umfjöllun var sú að best væri að fjárfesta í sömu hlutföllum og markaðssafnið því fjárfestar geta almennt ekki náð hærri ávöxtun með því að velja bara einstök fyrirtæki. Eignastýring byggist hins vegar á því að þetta sé rangt þ.e. með góðri kunnáttu geta sjóðsstjórar náð hærri ávöxtun heldur en markaðurinn. Í áfanganum er fjallað um hvaða eignir eru líklegar til að gefa hærri ávöxtun heldur en markaðssafnið, hvernig er best að búa til eignasafn og hvernig hægt er að meta árangurinn af sjóðastýringunni. Byrjað verður á því að kynna grundvallaratriði verðbréfa- og lífeyrissjóða. Þá verður fjallað um hagnýta tölfræði og hagnýtar skilgreiningar í fjármálum sem námskeiðið byggir á. Þar næst verður fjallað um vænta ávöxtun fyrir mismunandi tegundir hlutabréfa með því að útvíkka CAPM líkanið. Því miður er yfirleitt ekki hægt að ná hærri væntri ávöxtun án aukinnar áhættu og því verður næst fjallað ítarlega um mismunandi leiðir við að meta áhættu. Þar á eftir verður fjallað um hvernig hægt er að setja saman eignasöfn með hjálp Excel. Að lokum verður farið yfir hvernig hægt er að meta árangurinn af eignastýringunni. Stefnt er að því að fá einn til tvo gestafyrirlesara sem eru starfandi í sjóðastýringariðnaðinum til að dýpka skilning nemenda á mismunandi þáttum eignastýringar.

Lesefni: Fyrirlestranótur sem innihalda tilvitnanir í valda kafla úr kennslubókum og fræðigreinar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Skyndipróf (20%), stórt verkefni (30%) og lokapróf (50%).

Tungumál: Enska.

V-603-ALFM Alþjóðafjármál

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: Vorönn (HMV)

Stig námskeiðs: Grunnám- Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Kennari: Tilkynnt síðar.

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á:

- Ýmsum meginlínunum í alþjóðlegu fjármálaumhverfi fyrirtækja

- Fjármálastjórnun í fyrirtækjum með rekstur í fleiri en einu landi
- Erlendum fjárfestingum fyrirtækja
- Alþjóðlegri fjármögnun fyrirtækja
- Áhættu fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri og stýringu hennar
- Notkun fjármálalegra afleiðna í fjármálastjórn fyrirtækja

Lýsing: Fyrirtæki nú á dögum, ekki síst íslensk, búa langflest við alþjóðlega samkeppni. Þau flytja mörg hver vöru eða þjónustu á erlenda markaði, eru með erlenda einkaleyfishafa eða setja upp fyrirtæki erlendis. Fjölbjóðleg fyrirtæki og alþjóðavæðing hafa verið áberandi einkenni í þróun síðustu ára í viðskiptum og efnahagslífi þjóða. Námskeiðinu Alþjóðafjármálum er ætlað að vera upplýsingagjafi fyrir nemendur um ýmsar fjármálalegar hliðar alþjóðaviðskipta í nútímaumhverfi. Efnid kemur að notum öllum nemendum sem vilja auka skilning sinn á þessum mikilvæga þætti í fyrirtækjarekstri, hvort sem þeir hyggjast vinna á sviði fjármála eða ekki. Fjallað verður um bæði aðstæður fjölbjóðafyrirtækja og fyrirtækja með starfsemi í fleiri en einu landi í opnu hagkerfi. Lögð verður áhersla á hagnýtingu efnisins og þátttöku nemenda.

Lesefni: Multinational Financial Management, Alan C. Shapiro

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Lokapróf 40%, hópverkefni 20% og raunhæf verkefni 30%.

Tungumál: Enska.

V-604-ALVÆ Alþjóðavæðing

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Undanfarar: Alþjóðaviðskipti og undanfarar þess.

Skipulag: Sex fyrirlestrar á viku í sjö vikur.

Kennari: Dr. Jón Ormur Halldórsson, dósent.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- Skilja helstu álitæfni varðandi skilning á hnattvæðingu
- Þekkja rætur hnattvæðingar og þróun hennar í samtímanum
- Þekkja helstu drifkrafta hnattvæðingar
- Skilja helstu ástæður fyrir alþjóðlegri andstöðu við hnattvæðingu
- Skilja helstu áhrif hnattvæðingar á skipulag framleiðslu og viðskipta í heiminum
- Þekkja efnisatriði deilna um áhrif hnattvæðingar á ójöfnuð innan samfélaga og á milli þeirra
- Þekkja efnisatriði deilna um áhrif hnattvæðingar á lýðræði, velferðarkerfi, menningu og hlutverk ríkisvalds
- Hafa skilning á þýðingu hnattvæðingar fyrir alþjóðleg viðskipti og efnahagslíf.

Lýsing: Alþjóðakerfi og hnattvæðing viðskipta, eðli hnattvæðingar og byltingarkennd áhrif hennar, rætur hnattvæðingar og drifkraftar hennar, breytt hlutföll í efnahagskerfi og atvinnulífi heimsins, hnattvæðing framleiðslu, alþjóðlegar framleiðslukæðjur og vistun framleiðslu, alþjóðavæðing neyslumynstra, alþjóðleg verkaskipting og staðsetning atvinnulífs, ójöfnudur innan samfélaga og á milli þeirra, tækifæri og öryggisleysi hnattvæðingar, breytt hlutverk ríkisvalds, velferðarkerfi og skattastefna, áhrif hnattvæðingar á lýðræði og stjórnmál, menning og hnattvæðing, alþjóðlegir fólksflutningar.

Lesefni: J.A. Scholte, Globalization – A Critical Introduction, önnur útg., 2005, tímaritsgreinar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður.

Námsmat: Lokapróf.

Tungumál: Íslenska.

V-621-SPAN Viðskiptaspænska I

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 1.ár / 2.ár / 3.ár.

Önn: Haustönn (dsk.) og vorönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Inngangsnámskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Tveir fyrirlestrar á viku og fjórir æfingartímar.

Kennari: Dr.Margrét Jónsdóttir, dósent.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur:

- geti bjargað sér við hversdagslegar aðstæður í daglegu lífi og viðskiptum.
- kunnir skil á helstu einkennum spænskrar menningar.
- geti tjáð sig í ræðu og riti sem og skilið talað og ritað mál svo vel að hann standist alþjóðlegt byrjendapróf í spænsku.

Lýsing: Námskeiðið er þrjúþætt og lögd áhersla á málfræði, orðaforða og menningu. Kennend verða helstu undirstöðuatriði spænskrar málfræði (tíðir sagna í framsöguhætti, fornöfn, töluorð og lýsingarorð). Í öðru lagi er kenndur almennur orðaforði í daglegu lífi. Unnið er með rauntexa á spænsku en ofuráhersla verður lögd á að hraða máltöku sem mest. Nemendur læra að koma á samskiptum við aðra, bjarga sér á vinnumarkaði og láta skoðanir sínar og tilfinningar í ljós. Lögd er jöfn áhersla á hlustun, talmál, lesskilning og ritað mál. Lestarfærni er þjálfuð og unnið er með texta sem tengjast atvinnulífinu. Í menningartímunum er farið yfir helstu þætti spænskrar sögu, allt frá upphafi áttundu aldar eftir Krist til nútímans. Lögd er áhersla á hlutdeild araba og gyðinga í menningu Spánar og þróun eins mesta heimsveldis fyrr og síðar á 15. og 16. öld. Hruni þess á 19. öld er lýst og áhrifum breytinganna á stjórnmál og menningu landsins á 20. öld. Blóðug borgarastyrjöld var á Spáni árin 1936-1939 og áratugin á eftir réð einræðisherrann Franco ríkjum. Bælingu menningar fylgdi mikil gróska sem enn gætir og eru tekin fyrir þau svið spænskrar menningar sem mesta athygli hafa

vakið á undanförunum áratugum, s.s. kvikmyndagerð, tónlist, myndlist og bókmenntir, sem gott er að kunna skil á til að ná góðum árangri í viðskiptum.

Lesefni: Fyrirlestrar og kennslubókin En equipo.es

Kennsluáferðir: Kennt er á spænsku og útskýrt á íslensku þegar nauðsyn krefur. Menningartímarnir eru á íslensku! Ekki er nauðsynlegt að þátttakendur hafi grunn í spænsku. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og skyldumæting er í tíma og á spænskuborðið í hádeginu á þriðjudögum í mötuneyti skólans. Þar er talað saman á spænsku.

Námsmat: tvö áfangapróf (hvert þeirra gildir 15%), þátttaka í tímum og stílar 20% og lokapróf 50%.

Tungumál: íslenska og spænska.

V-624-STII Hagnýt stærðfræði II

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Hagnýt stærðfræði I.

Skipulag: Tveir fyrirlestrar á viku og tveir dæmatímar.

Kennari: Ólafur Ísleifsson, MSc, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemendur:

- hafi dýpkað þekkingu sína og styrkt tök á stærðfræðilegum aðferðum í viðskiptum og hagfræði
- hafi aukið færni sína til að takast á við krefjandi störf eða framhaldsnám að loknu BS-prófi.

Lýsing: Í námskeiðinu beinist athyglin að stærðfræðigreiningu af einni og fleiri breytistærðum. Áhersla er lögð á tengingu efnisins við dæmi úr viðskiptum og hagfræði.

Lesefni: Ákveðið síðar.

Kennsluáferðir: Fyrirlestrar, dæmatímar, verkefni.

Námsmat: Verkefni 20%, lokapróf 80%.

Tungumál: Íslenska.

V-625 Rekstrarhagfræði II

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund námskeiðs: Valnámskeið.

Undanfarar: Rekstrarhagfræði I og hagnýt stærðfræði I.

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar á viku.

Kennari: Guðrún Johnsen MSc, lektor.

Námsmarkmið: Námskeið þetta hefur að markmiði að dýpka þekkingu og auka færni stúdenta til að beita aðferðum hagfræðinnar á hagnýtan hátt. Námskeiðinu er jafnframt ætlað að gagnast fólki sem hyggur á framhaldsnám að loknu BS-prófi.

Lýsing: Eftir upprifjun á hugtökum rekstrarhagfræði og stærðfræðiaðferðum taka við viðfangsefni sem tengjast hagfræði fyrirtækja og markaða. M.a. er litið á hámrörkun hagnaðar og lágmörkun kostnaðar og ýmsa kostnaðarferla. Ýmis líkön sem lýsa einokun og fákeppni eru skoðuð og er áhersla á hagnýta notkun leikjafraði. Ef tími gefst til verður fjallað um hagfræði upplýsingatækni og hagfræði afbrota.

Lesefni: Tilkynt síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

Tungumál: Íslenska.

V-627-VERK Verkefnastjórnun

Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn (dsk. og HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Nei.

Skipulag: Tveir fyrirlestrar á viku og einn umræðu- og dæmatími.

Kennarar: Þórdur Víkingur Friðgeirsson, MSc, stundakennari og gestafyrirlesarar.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- Skilji grundvallarhugmyndir klassískrar verkefnastjórnunar og geti staðsett þetta stjórnunarform í heimi stjórnunar.
- Geti hagnýtt sér skipulagstækni verkefna s.s. markmiðasetningu, afmrörkun verkefna, gerð áætlana og kostnaðarstjórnun s.s. með aðferðum PERT, CPM og Gantt rita, metið reynsluferla, gert hagkvæmnisútreikninga á verkefnum o.fl. það sem tengist áætlunagerð í verkefnum. Geti byggt upp framvindueftirlitsstýringu byggða á unnu virði.
- Kunni skil á PRINCE2 verkefnisstjórnunarumhverfinu og fleiri aðferðum við að binda verkefnisstjórnun í kerfi.
- Skilji hvernig hópar haga sér í verkefnum og geti hagnýtt sér greiningartækni s.s. ákvörðunartré, Ishikawa-greiningu, Pareti-greiningu, áhættugreiningu o.s.frv. til að greina aðalatriði frá aukaatriðum og tryggja árangursríkt hópastarf.

Lýsing: Námskeiðið er blanda af fræðilegri umfjöllun og hagnýtri nálgun. Gamalreyndir verkefnastjórar flytja gestafyrirlestra. Námskeiðið er skipulagt í fjóra hluta – ath. neðangreind upptalning er ekki endilega tímaröð hvers viðfangsefnis: Aðferðir verkefnastjórnunar: Rakin verður saga verkefnastjórnunar frá öndverðu, hvernig verk-

efnastjórnun varð að sjálfstæðri fræðigrein upp úr miðri síðustu öld og hugtakafraeði verkefnastjórnunar. Kennst er hvernig verkefni eru afmörkuð, gerð rökríta, WBS-kerfið, samtenging verkþátta í Gantt-rit og tengslanet. Gerð tengslaneta með CPM og PERT aðferðum, hvernig kostnaður er fundinn, hvernig kostnaðar – og tímaáætlanir eru settar upp o.fl sem tengist áætlanagerð. Þá er kennt að byggja upp framvinduettirlit með verkefnum, gera stöðuskýrslur og gera upp í verkefnislok. Verkefnisstjórninn: Verkefnisstjórninn þarf að geta leitt verkefnishópinn til árangurs. Þessi hluti fjallar um stjórnunar og leiðtogahlutverk verkefnisstjórnans. Fundir eru stór hluti vinnutímans og kennt verður hvernig hámarka má framleiðni á funda og hópvinnu með því beina athyglinni að aðalatriðum. Umhverfi verkefnastjórnunar: Með vaxandi notkun verkefnastjórnunar verður til þörf fyrir að tengja verkefni skipulagi og viðskiptakerfum fyrirtækisins. Hin svonefndu verkefnisstjórnunarkerfi eru því óðum að ryðja sér til rúms. Hérlandis er svonefnt PRINCE2 verkefnastjórnunarkerfi að ryðja sér til rúms og er kennt hvernig það er uppbyggt og hvernig það er aðlagð fyrirtækinu. Verkfærin: Hugbúnaður skiptir veigamiklu máli í verkefnastjórnun. Kennst verður að gera verk-, tíma og kostnaðaráætlanir í þeim hugbúnaði sem algengastur er þ.e. Microsoft Project verkáætlunarforritinu. Þá verður sýnt hvernig Netið skiptir sífellt meira máli og nemendur kynnast verkefnavefþjóninum Microsoft Project Central Server og skáarumsýsluvefþjóninum Share Point o.fl.

Lesefni: Stjórnun á tímum hraða og breytinga, Þórður Víkingur Friðgeirsson -2003 – JPV-útgáfa – ISBN 9979-775-46-7, Efni á vefsetri höfundar - www.stefni.is., Fyrir enskumælandi nemendur – Project Management, Larson and Gray – 3 ed. 2005 – McGraw-Hill – ISBN 0073126993.

Kennsluáæfing: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Verkefni 30% og lokapróf 70%

Tungumál: Enska

V-628-SAMN Samningatækni

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn.

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Nei.

Skipulag: Tveir fyrirlestrar á viku og tveir verklegir tímar.

Kennarar: Aðalsteinn Leifsson, MBA, MSc, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að namar:

- Skilji megináskoranir sem samningamenn standa frammi fyrir
- Þekki grundvallarhugtök í samningatækni, svo sem BATNA, virðisauka o.s.frv.
- Hafi byggt upp færni í að undirbúa og taka þátt í árangursríkum
- Hafi byggt upp færni í að takast á við erfiða samningsaðila

- Hafi skilning á því hvernig framkoma í samningum hefur ekki einungis áhrif á árangur heldur einnig samskipti og samstarf til lengri tíma

Lýsing: Stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja eru nánast daglega í aðstæðum þar sem grundvallarþekking og þjálfun í samningatækni kemur að góðum notum en þessum þætti er gefin lítil gaumur í námi. Þekking á nokkrum grundvallaratriðum í samningagerð og þjálfun í notkun sannreyndra aðferða geta skilað sér fljótt í bættem árangri – þar sem viðmið fyrir árangur er ekki aðeins betri lausn heldur einnig bættem samskiptum við samstarfsaðila til lengri tíma. Í námskeiðinu er lögð höfuðáhersla á að veita nemendum hagnýta þekkingu og þjálfun í samningagerð með það fyrir augum að gefa þeim mikilvægt tæki til að ná betri árangri í starfi. Farið er yfir ferli samningaviðræðna frá undirbúningi til loka samningaferilsins og litið sérstaklega á samninga í alþjóðlegu umhverfi, lausn deilumála, mikilvægi heiðarlegra vinnubragða og hvernig á að takast á móta erfiða mótaðila til samstarfs. Fjallað er um mikilvægustu hugtök í samningaviðræðum eins og ‘Distributive bargaining’, BATNA (Best Alternative to Negotiated Agreement) o.frv. Farið er í undirbúning, umræður, tillögugerð og lok samningaviðræðna. Í hverjum hluta er unnið með raundæmi og sérstök áhersla er á hagnýtar æfingar þar sem hver og einn þátttakandi spreytir sig og styrkir persónulega færni sína í samningatækni.

Lesefni: Heart and Mind of the Negotiator. Leigh Thompson. Prentice Hall 2004.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, raundæmi (case studies) og verklegar æfingar.

Námsmat: Þátttaka í verklegum tímum 20%, tvær hagnýtar æfingar 40% og lokapróf 40%.

Tungumál: Enska (fyrirlestrar) og íslenska (verklegar æfingar)

V-630-MAR3 Markaðsfræði III

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn (HMV).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Markaðsfræði.

Skipulag: Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna.

Kennari: Friðrik Larsen, MSc, lektor.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- Skilji mikilvægi stefnumarkandi áætlunargerðar í markaðsstarfi
- Skilji mikilvægi markaðsáætlana í markaðsstarfi fyrirtækja
- Þekki grundvallarhugtök tengd markaðsáætlunum
- Öðlist færni í gerð markaðsáætlana og þekki greiningarverkfæri.

Lýsing: Með fyrirlestrum og verkefnavinnu verður nemendum kennt að taka sam-an upplýsingar um markaðinn sem og sýnt fram á hverju markaðsstarf getur áorkað. Markaðsstefna og aðgerðir tengdar henni verða kynntar og fjallað um hvernig innleiða

ber markaðsstefnuna á árangursríkan hátt. Að lokum verða kenndar aðferðir til að bera saman árangur við raunveruleikann og fá í framhaldinu stöðumat og mælanleika.

Lesefni: Tilkynnt síðar.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna.

Námsmat: Þátttaka og verkefnavinna í tímum 10%, hópverkefni 60%, lokapróf 30%.

Tungumál: Íslenska

V-632 FERD Ferðamálafræði

3 ein.(6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: Vorönn (dsk).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund námskeiðs: Valnámskeið.

Undanfarar: Nýsköpun og stofnun fyrirtækja og stefnumótun.

Skipulag: Þrjú fyrirlestra- og umræðutímar og 1 hópvinnutími, gestafyrirlesari eða fyrirtækjaheimsókn á viku.

Kennarar: Arney Einarsdóttir, MA, stundakennari og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, MSc, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu ættu nemendur að:

- þekkja eðli, umfang og einkenni ferðaþjónustu sem atvinnugreinar
- gera sér grein fyrir efnahagslegum og samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu.
- hafa öðlast innsýn í uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu og rekstrarumhverfi fyrirtækja í greininni.

Lýsing: Fjallað er um helstu þætti sem snúa að ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Farið er í skilgreiningar á lykillhugtökum sem notuð eru í ferðaþjónustu og nemendum sýnt á hvern hátt þau eru notuð við mat á umfangi ferðaþjónustu á alþjóðavísu. Fjallað er um þróun ferðaþjónustu innanlands og á alþjóðlegum vettvangi og fjallað um sértæka þætti er varða rekstur og stjórnun fyrirtækja í ferðaþjónustu. Unnið er með tölfræðileg gögn í ferðaþjónustu sem nýta má í áætlanagerð og sértæka þætti er lúta að markaðssetningu. Fjallað er um umfang og þýðingu ferðaþjónustunnar fyrir þjóðarbúskapinn og komið inn á þætti sem varða áhrif ferðaþjónustu á efnahagslíf, samfélög, menningu og náttúrulegt umhverfi. Fjallað er um lög, reglugerðir og ýmsa samninga sem hafa áhrif á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Fjallað um hlutverk og skipulag af hálfu hins opinbera og eðli og einkenni ólíkra fyrirtækja innan greinarinnar. Farið er í skipulag og starfsemi helstu fyrirtækja í ferðaþjónustu. Einnig er leitast við að greina framtíðarhorfur og þróun ferðaþjónustunnar næstu árin.

Lesefni: Tourism – Practices, Principles, Philosophies. Charles R. Goeldner og J.R. Brent Ritchie, Ninth Edition. Greinar og annað fjölfaldað efni sem kennarar dreifa í kennslustundum.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar og opnar umræður sem byggja á virkri þátttöku nemenda, hópvinna, gestafyrirlesarar og fyrirtækjaheimsóknir.

Námsmat: 60 % hópverkefni, 20 % kynning á verkefni, 20% mæting.

Tungumál: Íslenska.

V-633-SOST Sölustjórnun

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn (dsk.).

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar á viku.

Kennari: Kári Þór Guðjónsson, Cand.Oecon, stundakennari og Halldór B. Lúðvígsson, stundakennari.

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- þekki helstu ferli sölustjórnunar og skilji tilgang hennar.
- geta stjórnað söluteymi og annast mikilvæga viðskiptavinum.
- öðlist þjálfun í að sinna þeim þáttum almennra stjórnunarstarfa sem lúta að stjórnun söluteyma, svo sem ráðningum, frammistöðustjórnun og þjálfun.

Lýsing: Námskeiðið kennir helstu ferla og hugmyndafræði sölumennsku og sölustjórnunar. Aðferðum sölustjórnunar til að auka tekjur fyrirtækja með því að stjórna og leiða söluteymi verða kynnt. Fjallað verður um uppbyggingu og hvatningu (motivation) söluteyma. Farið er yfir nýjustu strauma og stefnur varðandi mótun söluteyma, sjálfvirkni söluteyma, CRM (viðskiptavinastjórnun), innri sölu og alþjóðlega sölu. Námskeiðið kennir stefnumótandi hugsun og hvernig söluteymi hjálpar til við að auka virði viðskiptavina og ná samkeppnisforskoti. Einnig verður þjálfun í grunnhugmyndum samningatækni (negotiation).

Lesefni: Dalrymple, Cron, DeCarlo; Sales Management. Annað námsefni ákveðið síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verklegir tímar.

Námsmat: Þátttaka í tíma 10%, einstaklingsverkefni 20%, hópverkefni 30%, próf 40%.

Tungumál: Íslenska

V-634-SPA6 Viðskiptaspænska VI

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: Vorönn.

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Viðskiptaspænska V eða sambærileg spænskukunnátta

Skípulag: 2 fyrirlestrar á viku og 4 æfingartímar.

Kennari: Pilar Concheiro sendikennari.

Námsmarkmið: The main objective of this course is to achieve an advanced level of Spanish language focused in the business world. Students will be able to use Spanish as a tool that will help them to develop different projects.

Lýsing: This course is for students with a High intermediate or Advanced level of Spanish (B2/C1 according to the Common European Framework of Reference for Languages). Students will have to present different projects. Through those projects, the four skills (writing, reading, listening and speaking) will be practiced. The students will be able to make oral presentations (here different linguistic functions will be present: arguing, defending an opinion etc.), write formal letters, read bibliography and make some research work. During the course students will also attend to grammar workshops focused in two aspects: the use of subjunctive and the past system in Spanish language.

Lesefni: All the material used in class will be given to the students by the teacher. They will find it in the innranet.

Kennsluaðferðir: The methodology of this course follows a communicative approach where the students will carry out different communicative tasks to achieve their final objective: the presentation of a project. The course is based on a tutorial system. Students will come to class twice a week (the schedule will be discussed with them before the beginning of the course and once they have registered. The main goal of those one hour class is to follow the student's work very carefully before the presentations. Students will be working in pairs or small groups.

Námsmat: Students will have to carry out 3 projects. Each one means the 25% of the final qualification. The other 25% will depend on the personal work and the assistance to classes.

Project 1: Organization of a film festival dedicated to the Spanish director Icíar Bollaín. First of all students will have to make a research work about the filmography of this Spanish director. Afterwards they will concentrate in practical questions as making the program for the film festival and promote it.

Projecto 2: "Selling a product". Students will make a marketing plan to sell Iceland as an attractive destination to Spanish tourist market.

Projecto 3: "Home exchange". How to create a company. Students will create a company to make possible the fact of exchanging homes between Icelandic and Spanish people during summer months. They will have to make a research about this different way of travelling and analyze its pros and cons.

Tungumál: The language used in class will be Spanish.

V-637-ALHA Alþjóðahagfræði

3 ein. (6 ECTS)

Ár: 3.ár.

Önn: Vorönn.

Stig námskeiðs: Grunnám-Sérhæft námskeið.

Tegund: Valnámskeið.

Undanfarar: Þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði I.

Skipulag: 2 fyrirlestrar á viku og 4 æfingartímar.

Kennari: Axel Hall, MSc, aðjúnkt.

Námsmarkmið: Að lýsa áhrifum alþjóðaviðskipta með vörur, þjónustu og fjármagn milli landa. Að kynna nemendum helstu kenningar alþjóðhagfræðinnar um alþjóðaviðskipti og alþjóðafjármál.

Lýsing: Í þessu námskeiði eru eftirfarandi atriði tekin til umfjöllunar: Sérhæfing í framleiðslu. Hagur af erlendum viðskiptum. Útflutningur, innflutningur og viðskiptakjör. Viðskipti, hagvöxtur og tekjuskipting. Stefna stjórnvalda í viðskiptamálum. Útflutningsstyrkir, innflutningshömlur og gjaldeyrishöft. Tollar og kvótar. Flutningur vinnuafis og fjármagns milli landa. Markaðsgerð og alþjóðaviðskipti. Alþjóðasamstarf í efnahagsmálum. Gjaldеyrismarkaður, greiðslujöfnuður og gengi. Greiðslujafnadarreikningar. Viðskiptajöfnuður og fjármagnsjöfnuður. Vextir og fjármagnsjöfnuður. Greiðslujöfnuður og hagstjórn við föstu gengi. Áhrif gengisbreytinga. Fljótandi gengi. Myntsamruni. Alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir.

Lesefni: International Economics Theory and Policy, Paul R. Krugman & Maurice Obstfeld

Kennsluaðferðir: Tilkynt síðar

Námsmat: Tveggja manna verkefni 20%, tvö próf á önninni (20%) betra prófið gildir til hækkunar og lokapróf 60%

Tungumál: Íslenska

V-638 International Communication

ECTS:6[3 Credits]

Year of study: 3rd year.

Semester: Spring.

Level of course: First cycle-Advanced.

Type of course: Elective.

Prerequisites: None

Lecturer: Erla S. Kristjánsdóttir, PhD, Assistant Professor.

Learning Outcome:

During this course, you should put forth efforts to:

- Understand the complex relationship between culture and communication
- Discover the importance of context and power in intercultural communication
- Investigate or explore how your own cultural identity has been formed through communication
- Examine the influence of your own cultural group regarding the way you communicate with members of other cultural groups
- Become a more willing, flexible, and thoughtful communicator in intercultural interactions

Content: This course is designed to equip you with the understanding of basic concepts and principles of intercultural communication, which should assist you in interacting effectively and appropriately with people from various cultural backgrounds. It will also help you understand various dimensions of intercultural communication related to both domestic and international contexts. The course draws from multiple perspectives such as social scientific, humanistic, and rhetorical/critical.

Reading Material: TBA

Teaching and learning activities: TBA

Assessment: TBA

Language of Instruction: English.

Location: Ofanleiti

V-640 FCTA Financial Computer Techniques and applications

ECTS: 6 [3 Credits]

Year of study: 3rd year.

Semester: Spring 2007.

Level of course: First cycle-Advanced.

Type of course: Elective.

Prerequisites: Statistics II and Derivatives

Schedule: 3 lectures pr week for 14 weeks.

Lecturer: Ulf Nielsson, MSc, Adjunct.

Learning Outcome: The purpose of the course is that students learn to apply financial theory in a practise. The course will present how to approach real world problems by using theory in the spreadsheet environment of Excel (and partly in the coding environment of Visual Basic and Matlab). At completion of the course, students should be comfortable with pricing securities (bonds, stock, derivatives) and perform various types of risk evaluations. Students should also be able to perform term structure estimation, present portfolios on the efficient frontier, assess equilibrium price models, etc. In short, the purpose of the course is that students adopt the tools necessary to use financial theory in a practical way which will benefit them in any finance or research related position.

Content: The main topics to be covered in the course are:

- Interest rate calcul., term structure estim., pricing of bonds, immunization strategies
- Portfolio theory and choice/management (e.g. efficient frontier)
- Stock pricing models of financial markets (e.g. CAPM, APT)
- Option pricing (European, American, Asian and Bermuda options)
- Volatility predictions; standard deviation, MA, EWMA, ARCH, GARCH models
- In addition to the spreadsheet environment of Excel, the course will introduce how to apply Visual Basic Application (in Excel) to conveniently solve some problems.

- Introduction of Matlab; introduced in relation to measuring risk with the “Value at Risk” methodology. Also a introduction to the main financial databases available online will be presented.

Reading Material: Principles of Finance with Excel“, Simon Benning

Teaching and learning activities: Lectures and practical sessions.

Assessment: Assignments (30%) and final test (70%).

Language of Instruction: English.

Location: Ofanleiti

V-642-KOST Women and Management* 3 credits

[ECTS:6]

Semester: Spring 2007.

Schedule: 4 lectures per week

Lecturer: Hulda Dóra Styrismisdóttir, Part-time Lecturer

Learning Outcome: By the end of the course, students should have an increased understanding of their own leadership strengths and how they want them to develop. They should be able to name some of the pitfalls experienced women managers have fallen into in their careers as well as the strategies that have worked well for them. Finally, they should have an increased exposure to research on women and management and how companies that want to increase diversity at the top go about it.

Content: Women have been at least 37% of business students in Iceland since 1989, becoming a majority in the year 2000. This is not reflected in the number of women managers in top positions in Icelandic business life. There is some research indication that special courses for young women in business help change those numbers.

This course is intended for those who are interested in reading about, discussing and reflecting on the experiences of women in international business life, with the aim of learning from these experiences and putting them to use in their own future careers, in Iceland or abroad.

Reading Material: To be determined

Teaching and learning activities: Lectures

Assessment: 2 (short) papers and Final exam.

Language of Instruction: English.

Location: Ofanleiti

V-699-RITG BSc verkefni

6 ein. (12 ECTS)

Ár: 3. ár.

Önn: Hægt er að vinna BSc verkefni á öllum önnum.

Stig námskeiðs: Grunnám-Framhaldsnámskeið.

Tegund: Skyldunámskeið.

Undanfarar: Nemandi skal hafa lokið að lágmarki 66 einingum til að skrá sig í BSc verkefni. Eindregið er mælt með því að nemandur taki Undirbúningsnámskeið BSc verkefna önnina áður en þeir eru skráðir í BSc verkefni.

Kennari: Umsjónarmaður BSc verkefna er Axel Hall, MSc, aðjúnkt.

Tungumál: Íslenska eða enska.

Námsmarkmið: Markmið BSc verkefna er að þjálfra og prófa hæfni nemenda til sjálfstæðra, skipulegra, gagnrýnna, agaðra og vísindalegra vinnubragða, og til skýrrar framsetningar á niðurstöðum eigin vinnu. BSc verkefnum er ætlað undirbúa nemendur fyrir sjálfstæð vinnubrögð við greiningu gagna og ritun skýrslna úti á vinnumarkaðnum, en um leið er BSc verkefnum ætlað að undirbúa nemendur fyrir framhaldsnám.

1) **Tegundir verkefna.** BSc verkefni skulu vera sjálfstæðar úttektir nemenda á afmörkuðum spurningum innan ákveðins fræðasviðs viðskiptafræðinnar. BSc verkefni geta verið tvenns konar, fyrirtækjaverkefni eða rannsókn. BSc verkefnum er ætlað að þjálfra og prófa hæfni nemenda í:

- Afmörkun fræðilegra eða hagnýtra spurninga
- Sjálfstæðum og skipulegum vinnubrögðum
- Skipulegri öflun og framsetningu á fræðilegum heimildum
- Agaðri gagnrýni á heimildir og niðurstöður annarra
- Framsetningu á tilgátum og eigin niðurstöðum samkvæmt vísindalegum venjum.

Nemandur skilgreina viðfangsefni sitt sjálfir, og þeim er fenginn leiðbeinandi þegar efni verkefnisins liggur fyrir og hefur verið samþykkt af hálfu umsjónarmanns BSc verkefna.

- a) Nemandur sem velja að gera rannsókn þurfa að safna nýjum gögnum um það viðfangsefni sem þeir velja sér, eða að vinna á nýjan hátt úr fyrirbyggjandi gögnum. Verkefnið felst í að vinna úr gögnum til að komast að niðurstöðu um þá rannsóknarspurningu sem sett var fram. Nemandur skulu vinna sjálfstætt að gagnaöflun hvort sem gögnin eru ný eða fyrirbyggjandi (frá fyrirtækjum, stofnunum eða einstaklingum), vinna úr þeim og tengja við aðra fræðilega þekkingu. Framkvæmd rannsókna á að vera í samræmi við þær aðferðir sem kynntar eru í Aðferðafræði og Undirbúningsnámskeiði BSc verkefna.
- b) Nemandur sem velja að vinna fyrirtækjaverkefni þurfa að fá til samstarfs fyrirtæki eða stofnun sem samþykkir að verkefnið sé unnið innan þess. Verkefnið felst í að skilgreina ákveðið vandamál sem viðkomandi stofnun eða fyrirtæki stendur frammi fyrir, og verður það vandamál að tengjast ákveðnu sviði á vettvangi viðskiptafræða. Verkefnið þarf að fela í sér vandaða greiningu og úrvinnslu viðeigandi fræðilegra heimilda, auk beinnar vinnu sem lýtur að því vandamáli sem viðkomandi fyrirtæki glímur við. Niðurstaða verkefnisins á að fela í sér tillögu eða lausn fyrir fyrirtækið, sem hægt er að rökstyðja með fræðilegum hætti.

- 2) **Samvinna nemenda.** Almenna reglan er sú að nemendur vinna BSc verkefni í tveggja manna hópum. Umsjónarmanni BSc verkefna er þó heimilt í undantekningartilvikum að veita nemanda leyfi til að vinna BSc verkefni einn.
- 3) **Val á viðfangsefni.** Nemendur velja sér verkefni sjálfir en mega leita ráðgjafar hjá umsjónarmanni BSc verkefna eða kennurum deildarinnar. Í einhverjum tilvikum hafa kennarar hugmyndir að BSc verkefnum og er þeim komið á framfæri í Undibúningsnámskeiði BSc verkefna. Val á verkefnum er háð samþykki umsjónarmanns BSc verkefna og einnig háð því að leiðbeinandi fáiast.
- 4) **Skiladagur verkefnisáætlunar.** Þeir sem skrá sig í BSc verkefni að vori 2007 eða síðar eru eindregið hvattir til að taka Undirbúningsnámskeið BSc verkefna sem er kennt á vor- og haustönn. Þeirri verkefnisáætlun sem þar er unnin skal skilað til umsjónarmanns BSc verkefna strax að loknu námskeiðinu, en eigi síðar en 4 vikum áður en útskriftarmisserið hefst. Áætlunin skal innihalda stutta lýsingu á þeim spurningum sem verkefninu er ætlað að glíma við, fræðilegan ramma sem skoða þarf, og beinagrind að kaflaskiptingu sem gefur hugmynd um vægi einstakra þátta í verkefninu. Sé um að ræða hagnýtt verkefni í samstarfi við fyrirtæki þarf að skila samningi við fyrirtækið þar sem fram kemur lýsing á fyrirhuguðu samstarfi. Umsjónarmanni BSc verkefna ber að samþykkja verkefnið eða veita afsvar innan 2ja vikna frá því að tillaga berst, nema sérstakar aðstæður hamli. Leiðbeinandi er skipaður ef verkefnið telst uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til verkefnisáætlunar. Það er á ábyrgð nemenda að standa þannig að vali á verkefni og frágangi verkefnisáætlunar að hægt sé að skipa leiðbeinanda áður en misserið hefst.
- 5) **Leiðbeinandi.** Leiðbeinandi er skipaður af umsjónarmanni BSc verkefna miðað við efni verkefnis þegar verkefnisáætlun nemandans liggur fyrir. Leiðbeinendur geta verið innan eða utan skólans.
- 6) **Samskipti leiðbeinanda og nemenda.** Miða skal við að nemendur eigi fund eða önnur samskipti við leiðbeinanda tvisvar í mánuði og samtals má reikna með um 15 klst. í bein samskipti. Leiðbeinandi og nemendur koma sér sjálfir saman um tímasetningar viðtalstíma.

Hér á eftir eru skilgreindir helstu þættir er varða hlutverk leiðbeinanda:

- Með því að taka að sér verkefnið staðfestir leiðbeinandi þá verkefnisáætlun sem skilað var til umsjónarmanns BSc verkefna. Samþykki leiðbeinanda þarf fyrir breytingum á þeirri áætlun.
- Frumkvæði, áætlanagerð, ákvarðanir, ábyrgð og vinnsla verkefnisins hvílir á nemendunum sjálfum, og leiðbeinendur hafa ekki eftirlitsskyldu með framgangi verksins.

- Það er ekki hlutverk leiðbeinandans að leiðrétta ritaðan texta nemenda meðan hann er í vinnslu. Nemendur skulu útvega sér utanaðkomandi yfirlæsara ef nauðsyn krefur.

- 7) Skiladagar á drögum og lokagerð BSc verkefnis.** Í upphafi hvers misseris mun umsjónarmaður BSc verkefna tilkynna tvær mikilvægar dagsetningar fyrir skil á verkefninu, þ.e. skil á uppkasti og skil á lokaútgáfu verkefnisins. Þegar uppkasti hefur verið skilað skal leiðbeinandi fara yfir það svo fljótt sem mögulegt er og gefa nemendum álit sitt á stöðu verksins og ráð um framhaldið. Miðað er við að fimm vikur líði á milli skiladags uppkasts og lokaútgáfu verkefnis. Skilyrði fyrir því að hafa rétt til að skila lokagerð BSc verkefnis eru að hafa (a) fengið verkefnisáætlun samþykkt af umsjónarmanni BSc verkefna á fyrrgreindum tíma og (b) skilað uppkasti til leiðbeinanda á tilsettum tíma.

Helstu dagsetningar til að ljúka BSc verkefnið vorið 2008

Undirbúningsnámskeið BSc verkefna	15. okt. – 9. nóv. 2007
Skila verkefnisáætlun	9. nóv. – 30. nóv. 2007
Skipun leiðbeinanda	15. nóv. – 14. des. 2007
Fyrsti fundur með leiðbeinanda	Janúar 2008
Skiladagur á drögum	1. apríl 2008
Skiladagur á lokagerð BSc verkefnis	5. maí 2008

- 8) Skipun prófdómara.** Umsjónarmaður BSc verkefna skipar prófdómara fyrir öll BSc verkefni. Prófdómari getur verið fastur kennari við skólann eða stundakennari. Prófdómari og leiðbeinandi gefa í sameiningu einkunn fyrir BSc verkefni. Þeir geta ákveðið að gefa þeim nemendum sem að verkefninu standa sitt hvora einkunnina, enda séu rök fyrir því að framlag hafi verið mjög ójafnt. Prófareglur skólans eiga við BSc verkefni líkt og önnur próf.
- 9) Viðmið fyrir einkunnagjöf.** Viðmið sem leiðbeinendur og prófdómarar nota fyrir einkunnagjöf er að finna í Handbók BSc verkefna, sem er gefin út á hverju misseri og vistuð á heimasíðu BSc verkefna á innra neti skólans.
- 10) Lengd, frágangur og skil á lokagerð BSc verkefnis.** BSc verkefni sem tveir nemendur vinna skulu vera á bilinu 15.000-25.000 orð (ef einn nemandi vinnur verkefni skulu þau vera á bilinu 10.000-15.000 orð). Titilblað, efnisyfirlit, töflur, myndir, heimildaskrá og viðaukar teljast ekki með þegar lengd er metin. BSc verkefni skulu fylgja staðli APA um ritun fræðilegra verka. Útdráttur (abstract) fremst í textanum skal vera bæði á ensku og íslensku. Á titilblaði skal koma fram heiti verkefnisins, nafn nemanda, nafn umsjónarmanns, dagsetning

og númer ritgerðar í ritgerðaröð Háskólans í Reykjavík. BSc verkefni skal skila í þremur prentuðum eintökum.

Ritgerðir nemenda verða varðveittar á bókasafni Háskólans í Reykjavík í bundnu formi. Nemendur eiga höfundarrétt að ritgerðum sínum en Háskólinn í Reykjavík áskilur sér rétt til að veita aðgang að þeim við nám og heimildasöfnun. Í þeim tilvikum þar sem hugmynd að verkefni er frá leiðbeinanda og verkefnið er hluti af rannsóknum hans/hennar er höfundarréttur leiðbeinandans einnig. Ef trúnaðarupplýsingar er að finna í ritgerð á viðkomandi nemandi og eigandi viðkomandi upplýsinga rétt á því að ritgerðin sé geymd sem trúnaðarmál í fimm ár.

11) Endurskoðun reglna. Reglur um BSc verkefni eru endurskoðaðar árlega.

REGLUR UM VERKEFNAVINNU

Viðskiptadeild leggur mikla áherslu á vönduð akademísk vinnubrögð, sem meðal annars kemur fram í því að höfundarréttur er virtur og að allir nemendur leggja sitt af mörkum í hópstarfi. Frá og með haustinu 2005 eru eftirfarandi reglur í gildi um verkefnavinnu.

a. Þitt hugverk

Viðskiptadeild gerir þá kröfu til þín sem nemanda að öll verkefni sem þú skilar séu þitt eigið hugverk. Í því felst meðal annars að þú vinnur verkefnið sjálf(ur) frá grunni, án aðstoðar annarra, og tekur aldrei upp texta annarra eða vinnu annarra og setur fram sem þitt eigið verk. Kennara er heimilt að gera undantekningu frá þeirri meginreglu að nemendur megi ekki vinna saman að verkefnum, og gerir hann þá skriflega grein fyrir því í verkefnislýsingu. Sama á við í hópverkefnum; verkefnið skal vera unnið af hópnum frá grunni, án aðstoðar annarra, og er allur hópurinn ábyrgur fyrir því að rétt vinnubrögð séu viðhöfð.

b. Þitt framlag

Viðskiptadeild gerir þá kröfu til þín sem nemanda að þú leggir þig ávallt fram í hópstarfi og gætir þess að þitt framlag sé sambærilegt á við hina í hópnum. Kennarar hafa heimild til að gefa einstaklingum í hópum mismunandi einkunnir ef ljóst þykir að framlag nemenda hefur verið verulega ójafnt.

c. Einstaklings- og hópverkefni

Í einstaklingsverkefnum er gerð krafa um að hver nemandi vinni sjálfur og án aðstoðar alla þætti verkefnisins, en í hópverkefnum hefur hópurinn möguleika á að skipta með sér verkum, þó þannig að vinnuframlag einstakra hópmeðlima til verkefnisins sé sambærilegt. Allur hópurinn er þó eftir sem áður ábyrgur fyrir heildarverkinu.

Viðurlög við broti á ofangreindum reglum um verkefnavinnu geta verið 0 fyrir verkefnið, 0 í námskeiði, áminning og jafnvel brottrekstur úr skóla.

NÁMS- OG FRAMVINDUREGLUR VIÐSKIPTADEILDAR

Eftirfarandi reglur gilda um þá nemendur sem hófu nám við viðskiptadeild haustið 2005. Nemendur fylgja þeim reglum sem eru við lýði það ár sem þeir innritast. Ef nemandi er endurinnritaður þá gilda um hann þær reglur sem eru í gildi við endurinnritun.

Framvinda í BSc námi dagskóla

Nemandi flyst upp á annað námsár ef hann hefur lokið a.m.k. 24 einingum (48 ECTS) á fyrsta ári með meðaleinkunn 6,0 eða hærrí (*). Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 45 einingum (90 ECTS) tveimur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár.

Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 66 einingum (132 ECTS) þremur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið BSc prófi fjórum árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár (5 ár ef námshlé eru fullnýtt).

**Meðaleinkunn í lok fyrsta árs er reiknuð úr öllum loknum námskeiðum.*

Framvinda í BSc námi í H MV

Nemandi í BSc námi í H MV fær að flytjast upp á annað námsár ef hann hefur lokið a.m.k. 18 einingum (36 ECTS) á fyrsta ári með meðaleinkunn 6,0 eða hærrí (*). Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 36 einingum (72 ECTS) tveimur árum eftir innritun á fyrsta námsár.

Nemandi í BSc námi skal hafa lokið a.m.k. 54 einingum (108 ECTS) þremur árum eftir innritun á fyrsta námsár. Nemandi í BSc námi skal hafa lokið a.m.k. 72 einingum (144 ECTS) fjórum árum eftir innritun á fyrsta námsár og BSc prófi fimm árum eftir innritun á fyrsta námsár. (6 ár ef námshlé eru fullnýtt). Nemandi í diplomanámi skal hafa lokið 45 einingum (90 ECTS) á átta önnum.

**Meðaleinkunn í lok fyrsta árs er reiknuð úr öllum loknum námskeiðum.*

Endurinnritun

Ef nemandi uppfyllir ekki skilyrði til að flytjast upp á næsta námsár samkvæmt reglum deildarinnar þá getur hann sótt um endurinnritun í námið (*). Viðskiptadeild áskilur sér þann rétt að hafna nemendum um endurinnritun. Sé nemanda veitt heimild til endurinnritunar heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí.

**Umsókn um endurinnritun skal vera skrifleg og skal send til verkefnisstjóra BSc náms.*

Mat á fyrra námi á háskólastigi

1. Hafi nemandi lokið námskeiðum á háskólastigi sem eru fyllilega sambærileg við þau námskeið sem í boði eru við HR, gefst honum kostur á að óska eftir því að fá námskeiðin metin.

2. Nemendur þurfa að skila inn skriflegri umsókn um mat á fyrra námi til deildarinnar. Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á skrifstofu skólans eða á heimasíðu viðskiptadeildar. Í umsókninni þarf að koma fram hvaða námskeið frá fyrra námi umsækjandi sækir um að fá metin og nöfn námskeiða sem eru sambærileg í náminu í HR. Til að umsókn verði tekin til greina þurfa eftirfarandi gögn að fylgja með:
 - a. Staðfest afrit af einkunnum frá þeim skóla þar sem fyrra nám fór fram.
 - b. Námskeiðslýsingar frá skólanum þar sem fyrra nám fór fram.
3. Umsókn um mat á fyrra námi þarf að berast fyrir 1.júní vegna náms sem hefst á haustönn og fyrir 1.desember vegna náms sem hefst á vorönn. Umsóknir sem berast of seint verða ekki teknar til athugunar fyrr en á næstu önn. Beiðni um mat á fyrra námi skal senda til verkefnisstjóra BSc náms sem leggur umsóknina fyrir matsnefnd. Niðurstöður matsnefnda skulu liggja fyrir mánuði síðar og fjalla skal um þær í námsstjórn í ágúst og desember ár hvert. Eftir umfjöllun í námsstjórn sér verkefnisstjóri BSc náms um að senda umsækjendum niðurstöðu námsstjórnar.
4. Til þess að fá námskeið metin þurfa þau, að mati forstöðumanns deildarinnar og kennara viðkomandi fags, að standast samanburð við sambærileg námskeið í HR. Umsækjendur geta ekki átt von á því að námskeið sem tekin voru fyrir meira en 5 árum, námskeið með lægri einkunn en 7,0 eða námskeið sem eru færri en 3 einingar fáiast metin. Mat á fyrra námi inn í viðskiptadeild HR getur aldrei numið meiru en 45 einingum (90 ECTS) í BSc nám og 30 einingum (60 ECTS) í MSc nám. Fyrra nám er ekki metið í MBA námi.
5. Reglurnar taka gildi frá og með 1.febrúar 2006.

Forkröfur fyrir námskeið

Forkröfur fyrir einstök námskeið koma fram í kennsluskrá sem má finna á heimasíðu skólans.

Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur tekið

Nemandi í BSc- og diplománámi getur skráð sig í 18 einingar á önn að hámarki. Heimilt er að sækja um undanþágu til verkefnisstjóra BSc náms, en slík undanþága er aðeins veitt hafi nemandi meðaleinkunn 7,5 eða hærri.

Almennt ákvæði um fyrningu námskeiða

Námskeið sem nemandi hefur staðist án þess að útskrifast fyrnast á sex árum (*).

Sjálfstætt verkefni

Nemendur geta óskað eftir því að taka sjálfstætt verkefni (independent study) hjá einstökum kennurum. Getur það bæði átt við um aðlögun á almennu námskeiði sem kennari hefur umsjón með eða vinnu nemanda við sértækt rannsóknarverkefni undir handleiðslu fastráðins kennara við deildina. Í slíkum tilvikum er það alfarið undir viðkomandi kennara komið að samþykka eða hafna slíkri beiðni. Kennurum ber að upp-

Lýsa forstöðumann námsbrautar og verkefnisstjóra um nemendur sem þeir hyggjast leiðbeina í sjálfstæðu verkefni. Nemendum er að hámarki heimilt að taka 9 einingar (18 ECTS) sem sjálfstæð verkefni.

Reglur um verkleg námskeið

Nemendur í verklegum námskeiðum (Nýsköpun og stofnun fyrirtækja og Stefnunótun) þurfa að skila öllum þáttum sem tilgreindir eru í námskeiðslýsingu til að standast námskeiðið. Falli nemandi, sem skilað hefur öllum verkþáttum, í verklegu námskeiði gefst honum kostur á að þreyta próf úr viðfangsefni námskeiðsins samkvæmt nánari ákvörðun kennara. Standist nemandi prófið stenst hann námskeiðið með lágmarks-einkunn.

Reglur um próftöku

Nemanda er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu fagi þrisvar sinnum. Standist nemandi ekki námskeiðið í þriðju próftilraun telst hann fallinn úr námi. Ber honum þá að sækja um endurinnritun í námið. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí.

Námshlé

Nemandi á rétt að sækja um námshlé en slíkt er þó háð ákveðnum skilyrðum. Sótt er um námshlé í eina önn í einu en nemandi getur að hámarki verið í námshléi í tvö námsmisseri (þrjár annir í H MV) eða eitt skólaár alls. Nemandi þarf að sækja sérstaklega um framlengingu á námshléi. Ef nemandi skráir sig ekki í námskeið að námshléi loknu verður hann skráður úr námi. Umsókn um námshlé skal send til forstöðumanns námsbrautar og þarf nemandi að tiltaka gilda ástæðu fyrir námshléi. Gildar ástæður fyrir námshléi eru t.d. barnsburður eða veikindi. Með umsókn þarf t.d. að berast læknisvottorð ef sótt er um námshlé vegna veikinda. Sé umsókn samþykkt er gerður samningur milli nemandans og skólans um námshlé og ákvæði um námsframvindu útfærð sérstaklega eftir þörfum.

Undanþágur

Undanþágur frá þessum reglum um námsframvindu eru aðeins veittar með samþykki námsstjórnar. Þær eru ekki veittar nema gildar ástæður komi til, svo sem barnsburður, fötlun eða alvarleg veikindi námsmanns eða náins aðstandanda. Umsókn um undanþágu skal senda til forstöðumanns námsbrautar eða deildarforseta studd viðeigandi gögnum, svo sem læknisvottorði.

ALMENNAR NÁMSREGLUR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

1. Reglur um skráningar

1. grein

Úrsögn úr prófi og skráning í endurtektar- og sjúkrapróf

Nemandi, sem hættir í námskeiði án úrsagnar fyrir tilgreindan tíma, fær einkunnina núll í námskeiðinu. Nemendum er bent á að kynna sér vel allar dagsetningar í almanaki HR enda gildir skráning í námskeið jafnframt sem skráning í próf. Á fyrstu tveimur kennsluvikum hvers námsmisseris geta nemendur breytt skráningum námskeiða. Til þess að breyta skráningu þurfa nemendur að senda kennslusviði (nemendabokhald@ru.is) póst eða koma við á skrifstofum skólans og fylla út þar til gert eyðublað.

Skráning í endurtektar- og sjúkrapróf fer fram eftir að úrslit prófa liggja fyrir og er dagsetningu þeirra að finna í almanaki skólans. Prófgjald fyrir endurtektarpróf er 5.000 kr. fyrir hvert próf. Þeir sem eru veikir þegar lokapróf fer fram geta sótt um að gangast undir sjúkrapróf, sjá nánar í prófareglum.

2. grein

Reglur um flutning nemenda á milli brauta

Þegar nemandi óskar eftir að skipta um braut innan deildar þarf hann að sækja um það formlega hjá deildarfulltrúa viðkomandi deildar. Nemandi getur aðeins skipt um braut milli anna. Þegar nemandi óskar þess að stunda nám í annarri deild en hann er skráður í þarf hann að sækja um nám að nýju í þeirri deild sem hann óskar. Ef nemandi hefur áður stundað nám í einni deild við skólann er það ekki trygging fyrir því að hann fái inni í annarri deild.

3. grein

Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur tekið

Nemandi getur skráð sig í 18 einingar að hámarki (sérreglur gilda í lagadeild og á frumgreinasviði eru nemendur skráðir í 24 einingar á önn). Ef nemandi óskar þess að vera í fleiri en 18 einingum þarf viðkomandi að sækja um leyfi hjá deildarfulltrúa og vera með meðaleinkunn fyrir ofan 7,5.

4. grein

Reglur um tímasókn

Nemendum ber að kynna sér sérreglur deilda þar sem kveðið er á um skyldumætingu í verklega tíma.

5. grein

Þreytt próf

Hver deild setur reglur um hversu oft nemandi getur þreytt próf. Sjá nánar í reglum deilda.

2. Reglur um próf og einkunnir

Framkvæmd prófa

1. grein

Skrifleg og munnleg lokapróf eru haldin í lok námskeiða á hverri önn og skal próftafla liggja fyrir sex vikum fyrir fyrsta lokapróf. Ef próf eru haldin í einstökum námskeiðum utan hefðbundins prófatímabils skal fylgja reglum um framkvæmd á prófum að svo miklu leyti sem því verður við komið. Framkvæmd er þá alfarið í höndum viðkomandi kennara og deildar, í samráði við prófstjóra.

Einkunnir úr skriflegum prófum eiga að liggja fyrir eigi síðar en tveimur vikum eftir prófdag. Einkunnir úr munnlegu prófi eftir námskeið eiga að liggja fyrir eigi síðar en einni viku eftir að prófinu lýkur.

2. grein

Rektor skipar prófstjóra. Prófstjórar hafa samráð við viðkomandi forseta deilda og sviðstjóra frumgreinadeildar um tilhögun prófa. Prófstjórn skipa prófstjórar og forstöðumenn kennsluviðs að Höfðabakka og Ofanleiti.

Kennari í námskeiði skal skila prófi til prófstjóra eigi síðar en 48 stundum áður en próf skal hefjast og á að skila þeim bæði á rafrænu formi og í ljósriti. Kennari sér til þess að að fyllt sé út stöðluð prófforsíða sem er aðgengileg á tölvukerfi skólans. Þá skal kennari fylla út eyðublað þar sem tekið er fram hvaða hjálpargögn eru leyfileg og önnur fyrirmæli kennara.

3. grein

Próftími í skriflegum prófum skal aldrei vera styttri en tvær klukkustundir og ekki lengri en fjórar klukkustundir. Deildarforseti í samráði við prófstjóra getur þó leyft frávik í einstökum námsgreinum. Kennara eða staðgengli ber að koma a.m.k. einu sinni inn í prófstofur á meðan próf stendur yfir til þess að svara spurningum um vafaatriði (t.d. villur á prófi eða misvísandi spurningar) eða önnur atriði á prófi.

Nemandi, sem hyggst taka fleiri en eitt próf er falla á sama tíma, skal koma upplýsingum um það til prófstjóra þannig að gera megi ráðstafanir til að taka megi prófin hvert á fætur öðru.

4. grein

Kennari afhendir prófstjóra lokaeinkunnir sem hann staðfestir með undirskrift sinni. Kennarar færa lokaeinkunnir inn á kennsluvef námskeiða þar sem þær eru vistaðar og námskeiði er lokað. Kennsluvið færir inn einkunnir eftir að kennari hefur staðfest skil skriflega.

5. grein

Sérreglur um próf - Frumgreinasvið

Próftökuréttur

Próf eru haldin í lok hvers misseris. Próftími í skriflegum prófum skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár klukkustundir. Lokaeinkunnir áfanga skulu liggja fyrir eigi síðar

en tveimur vikum eftir próftöku. Lokaeinkunnir úr síðustu prófum hvers próftímabils skulu liggja fyrir áður en prófsýning fer fram. Nemandi á rétt á að sjá mat úrlausnar sinnar á skriflegu prófi og fá útskýringar kennara á prófsýningu deildarinnar sem haldin er innan þriggja daga frá birtingu allra einkunna og auglýst er á heimasíðu skólans. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, eigi una mati kennara, getur hann snúið sér til sviðstjóra frumgeinasviðs innan fjögurra vikna frá birtingu einkunna og óskað eftir mati prófdómara. Nemandi sem fer fram á slíkt þarf að skila inn rökstuddri greinargerð til sviðstjóra þar sem fram koma ástæður fyrir beiðninni. Skipa skal prófdómara í hverju tilviki fyrir sig.

Einkunnir á frumgeinasviði

- a) Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 - 10. Til að standast próf í áfanga þarf lágmarkseinkunn 5,0.
- b) Nemandi er heimilt að þreyta próf þrívægis í sama áfanga. Yfirleitt hafa þeir einir rétt til að endurtaka próf sem hlotið hafa einkunnina 4,0 eða 4,5 í viðkomandi áfanga en víkja má frá þessari reglu og miða við einkunnina 3,0 eða 3,5 í allt að tveimur áföngum til frumgreinaprófs. Nemandi verður að hlíta breytingum á námsefni viðkomandi áfanga milli próftilrauna. Óski nemandi eftir að þreyta próf í þriðja sinn þarf hann að stunda nám í viðkomandi áfanga að því marki sem sviðsstjóri ákveður.
- c) Í áföngum þar sem starfseinkunn er hluti lokaeinkunnar fær nemandi einkunnina 0 hafi hann ekki staðið skil á tilskildum verkefnum. Hann telst þá hafa notað einn próftökurétt og á ekki rétt á að þreyta próf á þeirri önn.

Námsmat og einkunnagjöf

6. grein

Gefin er ein lokaeinkunn fyrir hvert námskeið sem nemandi er skráður í.

Lokaeinkunn er samsett af einkunn fyrir einn eða fleiri eftirtalinnna þátta:

- Frammistaða nemanda í lokaprófi
- Frammistaða nemanda í áfangaprófum
- Frammistaða og þátttaka nemenda í tímum
- Verkefni og skýrslur nemanda meðan á námskeiði stendur

7. grein

Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á kvarðanum 0-10. Lokaeinkunn lægri en 5 er falleinkunn og fást þá ekki einingar fyrir námskeiðið. Háskóladeild getur ákveðið hærri lágmarkseinkunn fyrir einstök námskeið (sjá reglur LD). Deild getur ákveðið að gefa staðið eða fall í stað tölueinkunnar í einstökum námskeiðum. Lágmarkseinkunn fyrir nemendur sem voru í THÍ er 5,5.

Ekki er gefin einkunn fyrir metin námskeið frá öðrum skólum.

8. grein

Aðalkennari (eða kennarar) í námskeiði er ábyrgur fyrir gerð þeirra prófa og verkefna sem lögð eru fyrir í námskeiðinu og þá lokaeinkunn sem námskeiðið byggist á. Í

skriflegum prófum skal gera grein fyrir vægi spurninganna á prófblaðinu. Ef einkunn í verklegu prófi er samsett úr fleiri en einum hluta skal gera nemendum grein fyrir vægi hvers hluta áður en prófið er preytt. Heimilt er að setja það skilyrði fyrir rétti til töku skriflegra prófa að nemandi hafi náð tilskildum árangri í verklegum þætti, ástundun og/eða verkefnum.

Heimilt er að krefjast þess að nemendur nái lágmarkseinkunn í öllum hlutum prófs þegar um samsett próf er að ræða, enda sé slíkt tilkynnt í upphafi námskeiðs.

9. grein

Námsmat í verklegum námskeiðum og lokaverkefnum er í höndum verkefniskennara. Vægi einstakra verkliða í lokaeinkunn skal tilkynnt skriflega í upphafi verkelegra námskeiða. Heimilt er að krefjast þess að ákveðnir verkliðir séu leystir af hendi á fullnægjandi hátt til þess að nemandi teljist hafa lokið verklegu námskeiði. Slíkar kröfur verður að tilkynna skriflega í upphafi námskeiðs.

10. grein

Reglur við próftöku og verkefnavinnu

Nemanda ber að vinna einn að lausn verkefna í einstaklingsverkefnum og áfanga- og lokaprófum. Öll aðstoð frá öðrum nemendum er stranglega bönnuð. Verði nemandi uppvís að því að þiggja beina eða óbeina aðstoð frá öðrum nemanda í prófi getur það varðað tafarlausri brottvikningu úr skólanum. Sama gildir um nemanda sem veitir öðrum aðstoð í prófi.

Nemandi sem verður uppvís að óheiðarlegum vinnubrögðum í einstökum verkþáttum námskeiðs gæti hlotið allt frá núlli (0) í einkunn í námsþætti eða lokaeinkunn þess námskeiðs upp í brottvikningu úr skóla. Þá má veita munnlega eða skriflega áminningu fyrir óheiðarleg vinnubrögð samkvæmt reglum um málsmeðferð viðkomandi deilda.

Þar sem nemendur vinna að verkefnum til einkunna í hópi skal úrlausn hvers hóps vera sjálfstætt framlag hópsins. Þannig er öll afritun af vinnu nemenda annars hóps eða annarra innan eða utan skóla, í hvaða formi sem hún er, stranglega bönnuð og varðar sömu viðurlögum og greint er frá hér að ofan.

Kennari gerir að jafnaði skriflega grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til nemenda á prófi og í verkefnum í námskeiði sínu. Þar á meðal gerir kennari grein fyrir því hvaða hjálpargögn eru nemendum heimil í prófum.

Verði nemandi uppvís að notkun annarra hjálpargagna í prófi en leyfð eru getur það varðað tafarlausri brottvísun úr skólanum.

11. grein

Reglur um skil á verkefnum

Í námskeiðum setur kennari reglur um skilafrest verkefna og ber nemendum að skila verkefni áður en frestur er útrunninn. Almenn er frestur til þess að skila verkefni ekki framlengdur hjá tilteknum nemanda eða hópi nemenda án þess að það kosti afföll í einkunn.

Endurtekin próf og áfrýjunarréttur nemenda

12. grein

Heimilt er að skrá sig úr námskeiði fram að tiltekinni dagsetningu sem kemur fram í kennsluskrá hvers árs. Nemendur geta sent rafrænan póst á nemendabokhald@ru.is þar sem þeir tilgreina úrsögn úr námskeiði/um. Nemandi, sem ekki mætir í próf og hefur ekki boðað lögmæt forföll, telst hafa þreytt próf og fær einkunnina núll (fallin/nn mætti ekki í próf) í námskeiðinu.

Nemandi, sem ekki mætir til prófs sem hann er skráður í, vegna veikinda skal tilkynna forföll til skrifstofu skólans áður en próf hefst eða meðan á prófi stendur. Læknisvottorði skal skila til skrifstofu skólans eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst nemandi hafa þreytt prófið. Vottorð skal vera dagsett sama dag og próf fór fram. Sama gildir ef um veikindi barns nemanda er að ræða.

Sömu reglur um veikindavottorð gilda fyrir áfangapróf.

13. grein

Endurtektar- og sjúkrapróf í bóklegum námskeiðum eru að jafnaði haldin eftir loka-próf hverrar annar. Endurtektar- eða sjúkrapróf kemur í stað lokaprófs en einkunnir fyrir verkefni, áfangapróf eða annað námsmat til loka-einkunnar stendur óhaggað.

Aðeins þeir nemendur sem mættu í lokapróf eða tilkynntu veikindi (sbr. 12. gr.) eiga rétt á endurtektar- eða sjúkraprófi. Nemandi sem er veikur í aðalprófi og mætir í sjúkrapróf og nær ekki lágmarkseinkunn hefur ekki rétt á að endurtaka próf. Nemandanum ber því að þreyta námskeiðið aftur til þess að öðlast próftökurétt. Deildir skulu setja reglur um hámarksfjölda endurtektarprófa sem nemandi má þreyta á námstímanum.

14. grein

Skráning í endurtektar- og sjúkrapróf fer fram eftir að úrslit úr prófum liggja fyrir og dagsetning þeirra hverju sinni kemur fram í almanaki kennsluskrár. Prófgjald fyrir endurtektarpróf kemur fram í kennsluskrá. Ef nemandi tekur endurtektar- eða sjúkrapróf þá fellur fyrra próf hans í greininni úr gildi. Standist nemandi ekki endurtektar- og sjúkraprófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að gangast oftari undir lokapróf í námskeiðinu án þess að sitja það að nýju.

Nemandi, sem er veikur á aðalprófi og sjúkraprófi, getur að höfðu samráði við kennara farið fram á að þreyta próf í faginu næst þegar það er haldið. Kjósi nemandi að skrá sig úr sjúkra- eða endurtektarprófi skal hann senda póst á nemendabokhald@ru.is eigi síðar en fyrir próf sama dag og það er haldið. Gjald fyrir endurtektarpróf er óendurkræft.

15. grein

Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan fimm daga frá birtingu einkunnar. Kennari skal verða við beiðni nemenda áður en sjúkra- og endurtektarpróf eru haldin, eða innan 10 daga, hvort sem á undan kemur. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann kært mat til prófstjóra. Skal kæran lögð fram skriflega innan tíu virkra daga

frá prófsýningu. Velji nemandi að kæra mat kennara skal skipaður prófdómari. Prófdómari skal skipaður í samráði við forseta deildar.

16. grein

Nú kærir nemandi mat á skriflegu prófi og prófdómari er skipaður. Skal hann leggja sjálfstætt mat á úrlausn nemandans. Telji prófdómari ástæðu til að endurskoða einkunn þá er prófdómari ekki bundinn af fyrri einkunn. Séu prófdómari og kennari ekki sammála um lokaekinn þá gildir einkunn prófdómara. Endurskoðuð einkunn skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá því að kæra berst.

Í munnlegum lokaprófum skal prófdómari ávallt vera viðstaddur og ákveður kennari/kennarar og prófdómari lokaekinn sameiginlega og er niðurstaða ekki kæránleg. Í lokaritgerðum þar sem prófdómari og leiðbeinandi gefa einkunn er niðurstaða ekki kæránleg.

17. grein

Þegar kærufrestur nemenda er liðinn og prófdómari hefur lokið við yfirferð prófa skulu þau afhent prófstjórn til varðveislu. Öll prófgögn skal varðveita í eitt ár. Auk þess varðveitir skólinn rafrænt afrit af öllum lokaprófum og eru próf úr aðalprófum aðgengileg nemendum í kennslukerfinu.

18. grein

Komi í ljós að kennari hafi gert mistök við útreikning eða skráningu einkunna, áskilur kennsluvið sér rétt til þess í samráði við kennara til þess að leiðrétta einkunn innan tveggja vikna frá skilum kennara.

19. grein

Nemandi, sem hefur tæmt kæruleiðir innan skólans, getur sent mál sitt til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema, skv. 5. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla. Hlutverk áfrýjunarnefndarinnar er að úrskurða í málum þar sem námsmenn í háskólum, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, telja brotið á rétti sínum varðandi: a) námsmat, þ.m.t. fyrirlögn prófa, tilhögun einkunnagjafar, skipun prófdómara, birtingu einkunna. b) mat á námsframvindu, þ.m.t. rétt til endurtektarprófs. c) afgreiðslu umsókna um skólavist, þ.m.t. tilhögun mats á námi á milli skóla.

Áfrýjunarnefndin tekur ekki til umfjöllunar mál sem snerta faglegt mat kennara (t.d. próf).

FRAMKVÆMD PRÓFA

- a) Prófstofur eru opnaðar 10 mínútum áður en próf hefst. Mæti nemandi meira en einni klukkustund eftir að próf hefst fær hann ekki að þreyta prófið.
- b) Meðan próf stendur yfir skal nemandi hafa gild persónuskilríki aðgengileg fyrir prófverði. Nemandi getur misst próftökurétt ef hann sýnir ekki viðeigandi persónuskilríki.

- c) Prófgæslufólk gefur merki um hvenær hefjast má handa við úrlausn og hvenær próftími er liðinn. Skulu þá allir nemendur sem í viðkomandi prófi eru skila úrlausnum sínum.
- d) Í samsettum prófum skulu nemendur svara hverjum prófhluta fyrir sig.
- e) Ef koma þarf á framfæri leiðréttingum eða upplýsingum til nemenda í prófi þá er það gert með því að skrifa þær á töflu eða dreifa þeim fjölrituðum til viðkomandi nemenda í samráði við prófstjóra.
- f) Enginn má skila úrlausnum áður en ein klukkustund er liðin frá upphafi próftíma. Að loknum próftíma ber öllum að skila úrlausnum þegar í stað. Nemendur hafa þó tíma til að ganga frá prófúrlausnum sínum og merkja þær eftir að próftíma líkur, en ekki breyta eða bæta úrlausnimar.
- g) Í öllum skriflegum prófum HR á að skila prófspurningum, úrlausnum og krassblöðum til prófgæslufólks að prófi loknu. Prófspurningar úr aðalprófum verða síðan aðgengilegar á kennsluvef HR.
- h) Nemendur mega ekki hafa yfirhafnir, töskur eða annan búnað, sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum, við prófborðið. Óheimilt er að valda truflun í prófstofu.
- i) Tilraun til að nota farsíma eða önnur þráðlaus samskiptatæki meðan próf stendur yfir varðar brottvísun úr prófi. Hafi nemandi slík tæki meðferðis ber honum að slökkva á þeim og afhenda prófgæslufólki til varðveislu meðan próf stendur yfir.
- j) Nemanda er óheimilt að nota önnur hjálpargögn í prófi en tilgreind eru á prófforsíðu og varðar tilraun til slíks brottvísun úr prófi.
- k) Nemendum er aðeins heimilt að yfirgefa prófborð áður en þeir hafa lokið prófinu til þess að fara á snyrtingu, og aðeins undir eftirliti fylgdarmanns.
- l) Nemanda er óheimilt að ljúka prófi án þess að skila úrlausnarblaði með annaðhvort nafni sínu og kennitölu eða prófnúmeri.
- m) Nemendur, sem ljúka prófi áður en tilskildum próftíma lýkur, skulu yfirgefa prófstofu og gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi.
- n) Háskóladeildir geta ákveðið í samráði við prófstjóra að nota prófnúmer.
- o) Nú æskir nemandi þess við prófstjóra að taka próf annars staðar en próf eru haldin í HR.
Prófstjóra er þá heimilt, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, að heimila nemanda að taka prófið í annarri háskóla- eða menntastofnun, enda hafi verið samið fyrirfram við stofnunina um slíkt fyrirkomulag og þessi framkvæmd hafi engan aukakostnað í för með sér fyrir þá stofnun eða HR.
- p) Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í prófi skal prófverkefnið og úrlausnin umsvifalaust tekin af nemandanum og prófstjóri eða staðgengill hans kallaður til. Máli nemandans skal síðan vísað til prófstjórnar til úrskurðar.